# FRÉTTABLAÐIÐ

169. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 4. ÁGÚST 2020

Það var fátt sem raskaði ró þessara golfara sem stunduðu íþrótt sína á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði í gær, á frídegi verslunarmanna, enda tilvalið að nýta daginn til að vinna í forgjöfinni. Sveiflan virðist ósvikin og boltinn hefur sjálfsagt svifið langt í áttina að holunni. Hvaleyrarvöllur golfklúbbsins Keilis er af mörgum talinn meðal bestu golfvalla landsins með holunum sínum átján. Veðurspá dagsins gerir ráð fyrir vætu, einkum á landinu sunnan- og vestanverðu síðdegis. Spáin gerir ráð fyrir að hitinn verði á bilinu átta til þrettán stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Borgun heldur eftir greiðslum

**Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir að Borgun hafi engan rétt til að halda eftir hluta af greiðslum jafnvel eftir að þjónusta hafi verið veitt líkt og kortafyrirtækið boðar að taki gildi 1. október.**

**VIÐSKIPTI** „Það er alveg skýr afstaða af okkar hálfu að greiðslur fyrir þjónustu sem hefur verið veitt skulu vera inntar af hendi af hálfu þessara fyrirtækja – algjörlega skilyrðislaust," segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Borgun tilkynnti á föstudag þeim fyrirtækjum sem skipta við kortafyrirtækið um skilmálabreytingar sem falla í afar grýtta jörð. Í bréfi til viðskiptavina segir Borgun að tekin verði upp svokölluð veltutrygging frá 1. október.

„Með veltutryggingu er átt við að Borgun heldur eftir 10 prósentum heildarfjárhæðar allra færslna á uppgjörum. Veltutryggingu er haldið eftir í sex mánuði," segir í bréfi Borgunar. Þá fá allir gert upp aðeins mánaðarlega en ekki örar. „Ofangreindar breytingar eru gerðar til varnar aukinni endurkröfuáhættu."

Jóhannes segir útspil Borgunar nú í rauninni það nýjasta í langri röð vandamála sem tengist skilmálum kortafyrirtækja. Samtök ferðaþjónustunnar hafi látið gera lögfræðilegar úttektir. „Það er alveg skýrt af okkar hálfu og við höfum komið því á mjög skilmerkilegan máta til þessara þriggja stóru kortaþjónusta," segir Jóhannes og á þar við Valitor og Korta auk Borgunar.

Jóhannes segir kortafyrirtækin eðlilega vera að reyna að tryggja sig gagnvart því sem þau upplifa sem aukna áhættu í þessum viðskiptum. Það komi hins vegar ekki til greina að kortafyrirtæki haldi eftir tíu prósentum af greiðslum jafnvel þótt þjónustan hafi verið veitt.

> Það er algjörlega óásættanlegt af okkar hálfu og jaðrar við lögbrot, myndi ég telja, að fyrirtækin haldi eftir greiðslum vegna þjónustu sem hefur verið veitt.
>
> Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

„Kortafyrirtækin eiga að skila á réttum tíma öllum greiðslum fyrir þjónustu sem hefur verið veitt. Við teljum að þau hafi ekki í neinum tilfellum rétt til þess að halda slíku eftir," segir Jóhannes, sem kveðst hafa skilning á því að kortaþjónustufyrirtækin meti áhættu.

„Hins vegar er það algjörlega klárt að þegar að þjónusta hefur verið veitt að þá er engin áhætta lengur til staðar fyrir kortafyrirtækin. Og það er algjörlega óásættanlegt af okkar hálfu og jaðrar við lögbrot, myndi ég telja, að fyrirtækin haldi eftir greiðslum vegna þjónustu sem hefur verið veitt." – gar

## Telur þörf á nýju fordæmi

**DÓMSMÁL** Alvar Óskarsson, sem sakfelldur var ásamt tveimur öðrum fyrir stórfellt fíkniefnabrot í Landsrétti, óskar eftir að Hæstiréttur veiti honum áfrýjunarleyfi.

Með beiðninni ætlar Alvar Hæstarétti að kveða upp fordæmisgefandi dóm vegna ákvörðunar refsinga fyrir fíkniefnaframleiðslu og hvað sé framleiðsla. Alvar hlaut sex ára fangelsi í Landsrétti.

> Í hegningarlagaákvæðinu er ekki gerður greinarmunur á framleiðslu fíkniefna og sölu og dreifingu.

Í dómi Landsréttar segir að ein tegund brots gegn ákvæðinu sé alvarlegri en önnur. Í hegningarlagaákvæðinu sjálfu er ekki gerður greinarmunur á framleiðslu fíkniefna eða sölu og dreifingu og hvort einn þáttur eigi að vega þar þyngra en annar. – aá / sjá síðu 6

## Veður




Hæg breytileg átt og skýjað. Austlægari áttir seint og fer að rigna um landið vestanvert um kvöldið. Hiti yfirleitt 8 til 13 stig. SJÁ SÍÐU 16

Fé á vegum úti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Spakar kindur skapa hættu

**UMFERÐ** „Það verður að segjast eins og er að ég er furðu lostin," segir Ásta María Sigurðardóttir í bréfi til byggðaráðs Rangárþings eystra þar sem hún gagnrýnir lausagöngu búfénaðar.

Ásta býr rúma 500 metra frá þjóðvegi 1. Hún kveðst í bréfinu undrast hversu mikið af sauðfé gangi laust við þjóðveginn.

„Í sumum tilfellum er hægt að tala við bændur, og kindurnar eru sóttar, en þær koma alltaf aftur. Ár eftir ár, sömu skepnurnar. Við erum farin að þekkja þær. Aðra bændur er ekki hægt að tala við, og þeir vísa alltaf ábyrgðinni á eitthvað annað en sjálfa sig," skrifar Ásta.

Að sögn Ástu eru kindurnar spakar og vanar flauti og hamagangi og gangi yfir veginn þegar þeim sýnist og lömbin á eftir þeim.

„Ég er bara hreinskilnislega mjög stressuð yfir því að það verði þarna stórslys einhvern daginn," skrifar Ásta og spyr hvers vegna lausaganga búfjár sé ekki bönnuð í Rangárþingi eystra.

Ásta segir að ástandið sé líka mjög slæmt undir Eyjafjöllum. „Það er ekki hægt að verða þekkt sveitarfélag fyrir það að það sé sérstaklega hættulegt að aka hér um því maður geti ekið á kindur, hesta, kálfa eða hvað sem er, vegna þess að það má bara vera út um allan veg."

Byggðaráð Hvolsvallar þakkaði Ástu fyrir erindið og tók undir mikilvægi þess að tryggja öryggi á vegum og vísaði málinu til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd og samgöngu- og umferðarnefnd. **– bb**

## Rennt í bæinn

Óvenju lítil umferð var um landið um verslunarmannahelgina enda óvenjulegir tímar. Síðdegis í gær var straumurinn um Suðurlandsveg í átt til Reykjavíkur tekinn að þyngjast er fólk sneri við úr ferðalögum sínum. Klukkan átta í gærkvöldi höfðu tæplega 11.300 bílar átt leið um vegarkaflann milli Litlu-Kaffistofunnar og Þrengsla-afleggjara frá því á miðnætti í fyrrinótt samkvæmt mælum Vegagerðinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Horfðu á Ingó í sjónvarpinu

**VESTMANNAEYJAR** „Þetta var bara mjög sérstakt allt saman. Það voru bara rólegheit og náttúrlega ekki gerður nokkur skapaður hlutur," segir Hörður Orri Grettisson, formaður þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum um nýliðna verslunarmannahelgi.

**Hörður Orri Grettisson, formaður þjóðhátíðarnefndar í Eyjum.**

„Menn gerðu gott úr þessu og voru með vinum og fjölskyldu í heimahúsum. Og svo var horft á Ingó í sjónvarpi Símans. Það var smá sárabót að fá okkar mann á skjáinn," segir Hörður Orri. Ekki sé annað í stöðunni en að hefja undirbúning fyrir þjóðhátíðina að ári. „Vonandi fáum við að halda hana þá." **– gar**

# Þurfti að bíða í fjóra áratugi eftir útgáfunni

**Erlingur Hansson þýddi bókina Byltingin svikin eftir Leon Trotsky árið 1980. Hann fékk bókina loks útgefna á vordögum og viðurkennir að það hafi verið góð tilfinning að fá hana loksins í hendurnar og segir hana enn eiga erindi.**

**SAMFÉLAG** „Þetta er efni sem ég kynnti mér þegar ég var ungur maður. Eftir að hafa leitað til allra helstu útgefenda á Íslandi 1980 og fengið höfnun ákvað ég bara að láta þetta bíða," segir Erlingur Hansson um 40 ára gamla þýðingu sína á bókinni Byltingin svikin eftir Leon Trotsky sem kom loksins út á vordögum.

Erlingur segir að hann hafi öðru hverju reynt að fá bókina útgefna á þessum 40 árum. „Það sögðu alltaf allir útgefendurnir að þetta væri vel gert hjá mér en þeir vildu samt ekki gefa bókina út. Það voru náttúrulega Stalínistar sem stjórnuðu Máli og menningu 1980."

Þýðingin fór í gegnum ákveðna endurskoðun og las vinur Erlings, sagnfræðingurinn Guðmundur Jón Guðmundsson, meðal annars yfir handritið.

„Svo fékk ég bara loksins mann til að gefa þetta út. Steingrímur Steinþórsson sem á Skruddu féllst á að gefa bókina út. Það er ekkert flóknara en það," segir Erlingur aðspurður hvers vegna bókin hafi loksins komið út nú.

Hann viðurkennir að það hafi verið afar góð tilfinning að fá bókina loksins í hendurnar eftir öll þessi ár. Erlingur segir að Byltingin svikin sé án efa eitt af merkustu ritum Trotsky.

„Stalín rak Trotsky úr landi 1929 og hann var raunar alltaf á flótta eftir það. Trotsky kom til Noregs í árslok 1935 og fékk þar næði í nokkra mánuði eða þangað til norsk stjórnvöld þorðu ekki að hafa hann lengur. Þá voru kratarnir í stjórn en þeir voru mjög róttækir."

Trotsky settist niður í Noregi sumarið 1936 til að skrifa formála að endurútgáfu á bók sem hann samdi um byltingarnar 1917 sem hafði selst mjög vel.

„Það endaði hins vegar á því að verða þessi bók sem er nú loksins komin út á íslensku. Þetta er mjög málefnaleg greining á ástandinu eins og það var í Sovétríkjunum á þessum tíma en við vitum auðvitað núna að Stalín átti eftir að drepa margar milljónir í viðbót eftir þetta."

Erlingur segir að Trotsky fari í bókinni yfir mögulega framtíðarþróun Sovétríkjanna.

„Helst vildi hann að gerð yrði pólitísk bylting og aftur komið á lýðræði. Ef það yrði ekki gert myndi það enda á því að gerð yrði félagsleg gagnbylting og komið á kapítalisma. Það rættist en ekki fyrr en 1990."

Erlingur sem er nýlega kominn á eftirlaun kenndi lengi félagsfræði og sögu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. En á þessi bók erindi í dag, 80 árum eftir að útsendari Stalíns myrti Trotsky í Mexíkóborg?

„Mér finnst þessi bók tvímælalaust eiga erindi í dag og það var þarft verk að koma henni út og það tókst loksins í vor."

**sighvatur@frettabladid.is**

Erlingur Hansson með bókina sem hann þýddi fyrir 40 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Svo fékk ég bara loksins mann til að gefa þetta út. Það er ekkert flóknara en það.**
>
> Erlingur Hansson

ÚTSALAN ER HAFIN

# ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR

SÝNINGARRÚM
20-50%
AFSLÁTTUR

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

HÆGINDA STÓLAR
20%
AFSLÁTTUR

SÝNINGAR HÚSGÖGN
20-50%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Segir þróun smits undanfarna daga minna á upphaf faraldurs

**COVID-19** „Þetta lítur ekkert vel út og kannski verr en ég átti von á,“ segir Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði við Háskóla Íslands í samtali við Fréttablaðið en hann var hluti af hópi vísindamanna sem útbjó spálíkan fyrir heilbrigðisyfirvöld í vor.

Hann segir þróunina undanfarna daga minna á upphaf faraldurs. Hann áréttar að enn sé of snemmt að segja til um hvort að önnur bylgja faraldursins sé hafin hér á landi. Til þess þurfi frekari gögn og ætti myndin að skýrast á næstu sjö til fjórtán dögum. Nú sé þó mjög mikilvægt að vakta stöðuna vel.

Thor Aspelund prófessor.

„Maður er farinn að hafa áhyggjur af því hvort þetta sé að fara að breiðast út,“ segir hann.

Að sögn Thors er það líkt núna og með þróuninni í mars að einnig sé verið að glíma við hópsmit.

„Núna er kannski ólíkt, eins og Kári [Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar] hefur verið að hamra svolítið á, að það er fullt af smitum sem eru ótengd.“

Slíkt veki upp spurningar um hvort veiran sé útbreiddari en við gerum okkur grein fyrir.

„Þá hljóta að vera einhverjar manneskjur þarna á milli sem eru veikar og við vitum ekki um þær.“ **– eþá**

Juan Carlos var konungur Spánar um nærri fjögurra áratuga skeið, en lét af völdum fyrir fjórum árum.

## Juan Carlos flýr Spán í kjölfar hneykslismála

**SPÁNN** Juan Carlos, hinn 82 ára fyrrverandi konungur Spánar, hyggst flytja frá Spáni. Hann gerir það til að auðvelda Felipe konungi, syni sínum, að rækja skyldur sínar sem konungur. The Guardian segir frá.

Hvert hneykslismálið hefur rekið annað varðandi fjármál konungsins fyrrverandi og hefur hæstiréttur Spánar nýlega fyrirskipað rannsókn á tengslum Juans við samning spænsks fyrirtækjahóps um smíði lestarbrautar í Sádi-Arabíu.

**Ekki kom fram hvert Juan hygðist flytja né hvenær.**

Síðdegis í gær birti spænska konungshöllin bréf frá Juan til konungs þar sem hann tilkynnti um flutning sinn frá landinu. Ekki kom fram hvert Juan hygðist flytja né hvenær. Fram kom í bréfinu að hann tæki þessa ákvörðun nærri sér eftir nærri fjörutíu ára setu á konungsstóli, en Felipe tók við af föður sínum fyrir sex árum. Var það í kjölfar ferðar sem Juan hélt í til Botswana til að veiða fíla, þegar hans hefði verið þörf í heimalandinu sem var illa leikið eftir fjármálakreppuna.

Þá hafa saksóknarar í Sviss rannsakað svissneska bankareikninga Juans. Því er haldið fram að konungurinn hafi þegið 100 milljóna dollara framlag frá konungi Saudi-Arabíu sem runnið hafi inn á aflandseyjareikning hans árið 2008. **– þþ**

# Vonar að kærunefndin snúi ákvörðuninni um synjun við

**Arndís A. K. Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Rauða krossinum, segist vona að kærunefnd útlendingamála felli úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar um að synja úkraínska blaðamanninum Ihor Stakh um dvalarleyfi á Íslandi. Ekki hafi verið tekið tillit til aðstæðna blaðamanna í Úkraínu við ákvörðunina.**

**HÆLISLEITENDUR** Úkraínski blaðamaðurinn Ihor Stakh, sem sækist eftir dvalarleyfi á Íslandi vegna ofsókna sem hann sætir í heimalandi sínu, hefur verið boðaður í viðtal hjá kærunefnd útlendingamála um miðjan ágúst.

Ihor var synjað um dvalarleyfi af Útlendingastofnun í mars síðastliðnum en hann kærði ákvörðunina til kærunefndarinnar.

„Ég tel ákvörðun Útlendingastofnunar einfaldlega vera ranga og ég vona að kærunefndin leiðrétti þetta,“ segir Arndís A. K. Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Rauða krossinum.

Arndís tók nýverið við máli Ihor en fyrrum talsmaður hans hjá Rauða krossinum sendi kærunefndinni greinargerð vegna ákvörðunar Útlendingastofnunar í lok mars. Síðan hafa viðbótargögn verið send nefndinni en Ihor segist enn verða fyrir hótunum á samfélagsmiðlum.

„Þegar mál eru í efnismeðferð snýst þetta svo mikið um trúverðugleika. Hvernig manneskjan kemur fyrir og hvort þú trúir henni og hennar sögu. Það er okkar reynsla að fólk sé boðað í viðtal hjá kærunefndinni þegar ákvörðun Útlendingastofnunar veltur á trúverðugleika,“ segir Arndís.

Fréttablaðið fjallaði um mál Ihor í mars síðastliðnum en hann kom til landsins í september á síðasta ári. Hann hefur í starfi sínu sem blaðamaður fjallað um spillingu meðal úkraínskra stjórnmála- og viðskiptamanna.

Í greinargerðinni til kærunefndarinnar er gerð alvarleg athugasemd við að Útlendingastofnun hafi ekki fjallað í úrskurði sínum um slæmar aðstæður blaðamanna í Úkraínu og sértækar aðstæður Ihor.

„Úkraína er almennt talin nægilega örugg til að fólk geti notið verndar stjórnvalda sinna. Hins vegar höfum við opinberar heimildir fyrir slæmri stöðu blaðamanna þar og ofsóknum gegn þeim. Oft höfum við engar sannanir en í þessu máli höfum við mikið af sönnunum,“ segir Arndís.

Ihor Stakh hefur verið á Íslandi frá því í september í fyrra og stundar nám í íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Stjórnmálamenn og blaðamenn eru myrtir í Úkraínu og málin eru ekki einu sinni rannsökuð. Hvað ætti að stoppa þá í að drepa mig ef ég þyrfti að fara aftur til Úkraínu?**

Ihor Stakh blaðamaður

Kröfur Ihor og talsmanns hans eru þær að ákvörðun Útlendingastofnunar verði felld úr gildi og að honum verði veitt staða flóttamanns. Til vara er þess krafist að honum verði veitt viðbótarvernd og til þrautavara að honum verði veitt dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum.

Nýlega fannst úkraínskur þingmaður látinn á skrifstofu sinni. Ihor sem starfaði með þingmanninum er sannfærður um að um morð hafi verið að ræða þótt lögreglan rannsaki málið sem sjálfsmorð.

„Mér var hótað vegna starfa minna fyrir hann. Stjórnmálamenn og blaðamenn eru myrtir í Úkraínu og málin eru ekki einu sinni rannsökuð. Hvað ætti að stoppa þá í að drepa mig ef ég þyrfti að fara aftur til Úkraínu?“ spyr Ihor.

Ihor lætur vel af dvöl sinni á Íslandi en hann hefur stundað íslenskunám undanfarna mánuði. Frítíma sínum ver hann að miklu leyti til útivistar og ýmiss konar líkamsræktar. Hefur hann meðal annars stundað sjósund og dreymir um að synda Viðeyjarsund.

„Ég reyni bara að hafa nóg fyrir stafni svo ég geti dreift huganum frá því að hugsa um framtíð mína,“ segir Ihor. **sighvatur@frettabladid.is**

ht.is

# RISA ÚTSALA!

**MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!**

**TAKMARKAÐ MAGN!**
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR AKRANES

**OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!**

**The Liberty Belle.** MYND/EMPIRE CRUISES

## Handtökur á fljótabáti

**NEW YORK** Eigendur og skipstjóri fljótabátsins The Liberty Belle voru handteknir um helgina fyrir að brjóta gegn reglum um varnir gegn COVID-19.

Að sögn BBC var The Liberty Bell, sem tekur alls 600 farþega, með 170 gesti um borð og vínbarina opna í óleyfi. Íbúar New York, sem voru gríðarhart leiknir af kórónavírusnum, standa nú frammi fyrir auknu smiti. Um það bil 650 hafa greinst þar með smit á hverjum degi undanfarna viku. **– gar**

## Tólf ára skotin í stríði dópsala

**SVÍÞJÓÐ** Tólf ára stúlka sem skotin var til bana í Norsborg í Svíþjóð á sunnudag var úti að ganga með heimilishundinn er hún lenti í eldlínu stríðandi fylkinga glæpagengja sem áttu í átökum um fíkniefnamarkaðinn.

**Talvert há glæpatíðni er í Norsborg í Botkyrka þar sem gengi hafa hreiðrað um sig.**

Fréttastofa Sænska ríkissjónvarpsins segir á vef sínum, svt.se, að klofningur hafi orðið meðal umræddss hóps glæpamanna fyrir um hálfu ári síðan. Einn meðlimurinn var þá myrtur á heimili sínu. Samkvæmt heimildum hafi skotmark byssumannsins á sunnudag verið hópur manna sem báru skotheld vesti og voru á bílastæði sem stúlkan gekk yfir. Nokkrir hafa verið yfirheyrðir vegna þessa atburðar. **– gar**

**Í Barcelona.** FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Spánn biður um fjárhagsaðstoð

**SPÁNN** Ósk hefur komið frá Spáni um lánafyrirgreiðslu til að mæta erfiðleikum í atvinnulífinu af völdum COVID-19. Um eitt þúsund ný tilfelli hafa greinst daglega á Spáni að undanförnu.

Efnahagslíf Spánar hefur orðið fyrir einna mestu skakkaföllunum af völdum kórónaveirunnar af löndum ESB. El País segir að á þeim 40 dögum sem liðnir séu frá því neyðarástandi var aflýst í landinu hafi fjöldi staðfestra smita áttfaldast, farið úr 334 þann 20. júní síðastliðinn í 2.789 þann 30. júlí. Sérstaklega hefur orðið aukning í Aragón, Madríd og Katalóníu þar sem yfirvöld tilkynntu í gær að fjöldi smitaðra væri kominn yfir eitt hundrað þúsund. **– gar**

## Beðið eftir vagninum

**Íbúar Manilla, höfuðborgar Filippseyja, röðuðu sér upp í gær og biðu þess að vagninn kæmi. Í dag taka á ný gildi strangar tveggja vikna takmarkanir í borginni og nágrenni hennar til að sporna við útbreiðslu kórónaveirunnar. Alls hafa greinst í landinu yfir 100.000 tilfelli veirusýkingarinnar. Forseti landsins, Rodrigo Duterte, lét loks undan ákalli 80.000 lækna og yfir milljón hjúkrunarfræðinga um að grípa til lokananna.** MYND/GETTY

# Hæstiréttur Íslands leggi nýja línu í stórum fíkniefnamálum

**Óskað hefur verið eftir nýju fordæmi Hæstaréttar um ákvæði hegningarlaga um stórfelld fíkniefnabrot. Tvívegis hefur verið sakfellt fyrir framleiðslu fíkniefna á þessu ári og vísað í fordæmalausan dóm Hæstaréttar frá 2010. Maður sem dæmdur var í sex ára fangelsi í Landsrétti vill fá málið fyrir Hæstarétt.**

**DÓMSMÁL** Alvar Óskarsson hefur óskað eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar vegna dóms Landsréttar frá 26. júní síðastliðnum. Þar var hann ásamt tveimur öðrum sakfelldur fyrir stórfellt fíkniefnabrot.

Með beiðninni ætlar Alvar Hæstarétti að kveða upp fordæmisgefandi dóm vegna ákvörðunar refsinga fyrir fíkniefnaframleiðslu og hvað sé framleiðsla.

Í beiðninni er vísað til þess að Hæstiréttur hafi aðeins einu sinni kveðið upp dóm um framleiðslu amfetamíns. Það var í máli tveggja manna sem sakfelldir voru fyrir að hafa komið á fót sérútbúinni verksmiðju í iðnaðarhúsnæði með mikilli afkastagetu og staðið þar að stórfelldri amfetamínframleiðslu. Fyrir það brot fengu mennirnir átta og tíu ára fangelsisdóma.

Mál Alvars og félaga er fyrsta mál sinnar tegundar frá því fyrrnefndur dómur Hæstaréttar féll árið 2010. Málið er fordæmisgefandi um sakfellingu og refsingu, þrátt fyrir að ætluð framleiðsla sé smærri í sniðum. Ekki er um að ræða framleiðslu frá grunni, og ljóst af vettvangi að aðstaðan bauð ekki upp á framleiðslu fíkniefna í mörgum lotum.

Alvar hlaut sex ára fangelsi í Landsrétti. Refsingin er í miklu ósamræmi við dóma fyrir innflutning á sambærilegu magni efna. Vísað er til þess að í júlí var kveðinn upp dómur í þriðja framleiðslumálinu. Þar voru sex menn dæmdir í þriggja og fjögurra ára fangelsi fyrir amfetamínframleiðslu. Flestir þeir sem þar voru dæmdir hafi áfrýjað dómi til Landsréttar. Í því ljósi er brýnt að Hæstiréttur taki af skarið um túlkun ákvæðis almennra hegningarlaga um stórfelld fíkniefnabrot.

**Hæstiréttur hefur einu sinni kveðið upp dóm um framleiðslu amfetamíns, árið 2010. Þá voru tveir dæmdir í átta og tíu ára fangelsi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvæðið er frá árinu 1974 og komið til ára sinna. Gerð er athugasemd við þá réttarframkvæmd sem myndast hafi um ákvæðið á sama tíma og miklar breytingar hafi orðið í samfélaginu. Hæstiréttur þurfi að taka af skarið um hvort ákvæðið geti staðið undir mismunandi refsingum vegna ólíkra brota sem öll séu heimfærð á sama ákvæðið.

Í dómi Landsréttar er því haldið fram að ein tegund brots sé alvarlegri en önnur. Í ákvæðinu sjálfu er ekki gerður greinarmunur á framleiðslu fíkniefna, innflutningi eða sölu og dreifingu og hvort einn þáttur eigi að varða þyngri refsingu en annar.

**Stefán Karl er verjandi Alvars Óskarssonar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í beiðni Alvars eru gerðar alvarlegar athugasemdir við meðferð málsins. Málið hafi verið illa rannsakað. Þannig hafi DNA fundist í andlitsgrímum frá vettvangi sem var ekki úr neinum þeirra sem sakfelldir voru. Ekki liggi fyrir úr hverjum það DNA er.

Þá var byggt á því að hrærivél sem meðákærði keypti í Elko hafi verið notuð til framleiðslunnar, þrátt fyrir að sannað væri að hrærivélin hafi verið gefin í brúðargjöf. Sú vél bar ekki sama framleiðslunúmer og vélin sem haldlögð var í sumarbústaðnum. Bar brúðguminn vitni um gjöfina við aðalmeðferð málsins.

Í dómsforsendum hafi framburður lögreglumanna sem staðhæfðu að þeir hafi verið í sjónlínu við sumarhúsið, verið lagður til grundvallar. Lögreglumennirnir neituðu að gefa upp hvar þeir voru staðsettir við eftirlitið og báru við mikilvægi leyndar um rannsóknaraðferðir lögreglu.

Í beiðninni segir að óviðunandi sé að byggja á framburði sjónarvotts sem neiti að tilgreina hvar hann var þegar hann sá eða heyrði það sem hann beri vitni um. Rétt hefði verið að fara á vettvang við meðferð málsins til að sannreyna vitnisburð lögreglunnar. **adalheidur@frettabladid.is**

KFC

# TALAÐU VIÐ VEGGINN!

Á Íslandi eru átta KFC-staðir og bílalúgur við þá alla.

Í bílalúgunni talar þú ekki við fólk heldur við vegginn.

Þú færð posann út og borgar snertilaust.

Við réttum þér ekki matinn, þú þarft bara að taka hann.

8x BÍLA LÚGA

**NÝJAR SNERTILAUSAR GREIÐSLUR**

KFC

# Íslenskir Íbrar

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Það er því miður landlægur íslenskur plagsiður að úthýsa afburðafólki. Það er þægilegra að hafa slíkt fólk utan sviðsins því þá eru þeir sem minna geta ekki sífellt minntir á, hvað þeir eiga langt í land. Á meðan valsa aðrir um listasviðið með óverðskuldaðar nafnbætur," sagði Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir réttilega í minningarorðum um vin sinn, Gísla Rúnar Jónsson listamann sem lést í síðustu viku.

Við kunnum þeim svo oft litlar þakkir sem vinna landi sínu og þjóð mest gagn.

Fyrir bráðum hálfri öld kom Hörður Torfason opinberlega út úr skápnum í viðtali við tímaritið Samúel. Við tók þriggja ára undirbúningur að stofnun Samtakanna '78, sem eiga án vafa heiðurinn af því að réttindi hinsegin fólks á Íslandi eru höfð að fyrirmynd um allan heim.

En Hörður hafði ekki lokið starfi sínu. Þrjátíu árum eftir stofnun samtakanna leiddi hann stærstu fjöldahreyfingu í sögu landsins, sem gekk skipulega til verks og steypti tugum manna í opinberum valdastöðum af stóli í kjölfar efnahagshrunsins.

Það má segja að Hörður hafi helgað líf sitt starfi í þágu þjóðarinnar, þótt hann hafi aldrei haft slík störf að atvinnu. Hann fær engin listamannalaun heldur og hefur aldrei verið sæmdur fálkaorðu. Það eru þakkirnar fyrir ævistarf Harðar.

Kannski er eðlilegt að þjóðir hati gersemar sínar meðan þær enn lifa og hætta er á nýjum uppátækjum hvern dag sem þær draga andann. Við hötum upplýstra, mótmælendur, listamenn og aðra boðbera óþægilegra sanninda. Allavega meðan þeir lifa og boðskapur þeirra hefur ekki síast inn í meginstrauminn. Við hötuðum Hörð Torfason þegar það var ógeðslegt að vera hommi og vorum fljót að gleyma öllu sem hann fórnaði til að ryðja brautina fyrir þá sem á eftir komu til að flytja boðskap sem þegar var orðinn samfélagslega samþykktur og Hörður fallinn á sverðið.

Við gleymum svo oft sjálfsfórn brautryðjandans sem fyrstur vekur máls á málefnum sem vekja reiði og viðbjóð. Það er mun minni fyrirhöfn að vinna að málefnum eftir að brautin hefur verið rudd og samfélagið náð úr sér hrollinum.

Heimsfaraldurinn hefur þó vonandi kennt okkur flestum að taka Kára Stefánsson í sátt, eða í versta falli viðurkenna örlæti hans og umbera hve óumræðilega óþægur, erfiður og uppátækjasamur hann er. Enginn getur lengur afneitað framlagi Kára til íslensku þjóðarinnar með góðri samvisku.

Við erum auðvitað ekki ein um þetta hatur á hæfileikafólki. Yfirburðafólk um allan heim fær iðulega að kenna á afbrýðisemi og smásálarhætti samborgara sinna. Styttan af fjöllistamanninum og snillingnum Zlatan Ibrahimovich fær aldrei að standa óáreitt í Malmö og þótt Maradona-mark Lionels Messi sé kannski fegursta mark sögunnar er óumdeilanlegt að enginn í sögu knattspyrnunnar á fleiri glæsimörk en Ibra. Hann verður fertugur á næsta ári en leikur enn listir sínar á vellinum við andköf gæsahúðaðra áhorfenda. Enginn raðar honum þó í efstu sæti bestu knattspyrnumanna sögunnar. Hann er of erfiður, of óþolandi og of góður.

> Við gleymum svo oft sjálfsfórn brautryðjandans sem fyrstur vekur máls á málefnum sem vekja reiði og viðbjóð.

Halldór




## Frá degi til dags

**Klóróformið**

**Á Árbæjarsafni hefur verið komið upp sýningu í tilefni aldarafmælis Nóa Síríus. Þar er bláum Ópal gert hátt undir höfði, en hann hefur ekki verið framleiddur um langt árabil. Ástæða þess er að eitt innihaldsefnanna kvað vera klóróform og var framleiðslunni sjálfhætt þegar bannað var með lögum að nota það í matvæli. Sagt var frá því í RÚV að nú stæði yfir söfnun undirskrifta almennings þar sem þrýst verði á stjórnvöld að heimila framleiðslu á einum skammti af bláum Ópal með klóróformi í tilefni afmælis framleiðandans. Líklega eru til þarfari málefni til að safna undirskriftum vegna.**

**Fornmunir**

**Það er hins vegar góð dægradvöl að ganga um Árbæjasafn. Þar er menningarsögu okkar haldið til haga og allir ættu að hafa gagn af því að skoða ótrúlega fjölbreytta muni sem þar eru til sýnis úr daglegu lífi liðinna daga. Við því er að búast að komandi kynslóðir geti áfram haldið að sækja safnið og fræðast um hvernig lífið gekk fyrir sig forðum. Búast má við að sprittbrúsar og andlitsgrímur verði áberandi í sýningum framtíðarinnar og settið úr upplýsingafundum Almannavarna eins og það leggur sig.**

# Skref fyrir skref

Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

Planið var að verja fyrri hluta dags í að finna réttu fylgihlutina fyrir opnunarhátíð Hinsegin daga sem átti að fara fram í kvöld. Fara í heimabundið fyrirpartý með góðum vinum og njóta þess sérstaklega að opnunarhátíðina átti í ár að bera upp á afmælisdaginn minn. Fylkja svo liði niður á Listasafn Reykjavíkur þar sem opnunin var fyrirhuguð með pompi og prakt. Verja kvöldinu með vinum og kunningjum úr hinsegin-samfélaginu og hlakka til vikunnar fram undan, stútfullrar dagskrár af fræðslu og skemmtun.

Það eina sem stendur eftir er afmælisdagurinn. Hann tekur kóvítið ekki af mér. En að öllu gamni og svekkelsi slepptu, þá tekur kóvítið heldur ekki hinsegin-hátíðina af okkur. Hún verður vissulega öðruvísi að þessu sinni, látlausari og varkárari, en skilaboð Hinsegin daga eiga við sem aldrei fyrr.

Gleðigangan hefur verið hápunktur Hinsegin daga á ári hverju. Ganga fjölbreytileika, sýnileika og baráttu þar sem við fögnum hverju skrefi sem gengið hefur verið í átt að bættum réttindum hinsegin fólks á Íslandi og minnum á þau skref sem enn á eftir að stíga. Hvert einasta skref geymir sögu fólks sem hefur verið óþreytandi við að berjast fyrir tilverurétti sínum og um leið tilverurétti annarra. Sem hefur barist fyrir frelsinu, hvað sem það hefur kostað. Hinsegin dagar í ár eru tileinkaðir þessu fólki.

Gleðigangan hefur fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku þjóðlífi. Það er ekki bara hinsegin fólk sem fagnar, meginþorri þjóðarinnar tekur undir, enda fátt sem staðfestir betur stöðu okkar sem opið, frjálslynt og umburðarlynt samfélag en akkúrat gleðigangan og önnur hátíðarhöld sem fylgja Hinsegin dögum.

Kóvítið kemur í veg fyrir að við göngum öll saman í ár. Við munum samt ganga áfram. Skref fyrir skref. Í sömu átt, hvert á sínum tíma og hvert á sínum hraða. Það skiptir máli að vera ekki ein. Það eru skilaboð Hinsegin daga. Í ár líkt og önnur ár fögnum við fjölbreytileikanum og frelsinu.

Stolt í hverju skrefi. Af hverju ættum við að vera eitthvað annað?

> Kóvítið kemur í veg fyrir að við göngum öll saman ár. Við munum samt ganga áfram. Skref fyrir skref.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heimsóknarbann uppgjör

Birgir Guðjónsson
læknir

Covid veiran æðir enn yfir heiminn smýgur inn i æðstu stofnanir og sýkingar aukast um víða veröld.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað við annarri bylgju.

Þetta hefur víða leitt til endurskoðunar á fyrri aðgerðum og lokunum. Umræður hafa jafnvel heyrst hér um mögulegar frekari heimsóknartakmarkanir á hjúkrunarheimili.

Það var lofsvert af Gísla Páli Gíslasyni, forstjóra Grundar og núverandi formanni Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, SFV, að viðurkenna í útvarpsviðtali að betur hefði átt að standa að heimsóknarbanni á elli- og hjúkrunarheimili og gera yrði betur ef þyrfti að endurtaka, sem gæti komið til greina.

Þessi viðurkenning var virðingarverð þar eð heimsóknarbannið hafði verið lofað og réttlætt af hjúkrunarforstjóra og lækni innan SFV í tveimur blaðagreinum, og síðar lofsungið af þingmanni í eldhúsdagsumræðum.

Forstjórinn afsakaði sérstaklega að engin fyrirvari hafði verið gefinn til undirbúnings og kynningar. Bannið var algert við heimsóknum ættingja án nokkurra undantekninga, en ekkert var kynnt varðandi eftirlit á heilbrigði starfsfólks sem annast og er í nánasta sambandi við vistmenn.

Viðurkennt var að þetta hafi verið erfitt fyrir hjón til margra áratuga þar sem annað var á stofnun, oft vegna heilabilunar og dvínandi minnis. Þetta viðurkenndi einnig landlæknir 78 dögum eftir að bent var á það.

Ættingjum gafst ekkert ráðrúm til undirbúnings samskiptaleiða eða skýra sjúkum vistmönnum fjarveru.

Tæplega níræður maður var rekinn burtu eins og rakki þegar hann kom í sína daglegu heimsókn til heilabilaðrar konu sinnar til um 70 ára, sem gat ekki einu sinni notað síma. Þau fengu ekki að hittast í tæpa þrjá mánuði. Fleiri urðu fyrir svipaðri reynslu um leið og starfsmenn gengu inn og út án eftirlits.

Fjöldi heilabilaðra var þannig sviptur samskiptum við ættingja sem þeir enn þekktu og þannig settir í félagslega einangrun. Slíkt stuðlar varla að geðheilbrigði. Umhyggjusamt starfsfólk bætir slíkt ekki.

En hvernig tókst til með megintilgang heimsóknarbannsins sem átti að vernda gamalmennin fyrir veirunni?

Forstjóri Karólínska sjúkrahússins benti á hið augljósa í Silfrinu, að smit bærust ekki síður inn á elliheimili með starfsfólki en ættingjum. Þennan möguleika hafði þegar verið bent á í bréfi til landlæknisembættisins 7. mars, sem svaraði með bréfi 30. apríl.

Þetta sannaðist heldur betur.

Smit barst fljótlega inn á stofnun þáverandi formanns SFV sem hafði lofað öryggi vistmanna og þurfti smitunin aðgerða við.

Smit barst inn hjúkrunardeild sjúkrahúss í Reykjavík og olli talsverðum veikindum en ekki mannsláti.

Alvarlegust voru smit inni á elliheimili á Vestfjörðum sem ollu dauða tveggja eða 20% heildar dauðsfalla vegna kórónaveirunnar.

Þessi smit bárust ekki með ættingjum.

Ef þyrfti að endurtaka heimsóknartakmarkanir ætti að kynna það betur og gefa ættingjum kost á undirbúningi. Viðurkenna ætti þörf á heimsóknum í sérstökum undantekningartilfellum, til dæmis gamalla hjóna þar sem annað er inni á stofnun.

Meginatriði ætti þó að vera að kanna betur heilsufar starfsmanna sem annast um vistmenn með til dæmis skimunum og hitamælingum sem eru auðveldar.

Ég tel að starf þríeykisins varðandi skimun og viðbrögð hafi verið vel heppnað og starfsfólk LSH staðið sig afburðavel. Sérstaklega er ánægjulegt að faraldurinn varð ekki neinum heilbrigðisstarfsmanni að aldurtila eins og varð í mörgum löndum.

Að halda því fram að vel hafi tekist til með þetta harkalega heimsóknarbann er klassísk fölsk frétt. Ég voga mér að segja að það var nánast klúður.

# Ferðaþjónusta – framtíðaratvinnugrein

Jóhann Rúnar Björgvinsson
hagfræðingur

Oft heyrist að ferðaþjónusta sé láglaunagrein sem ekki sé rétt að byggja mikið á, en hvað er ferðaþjónusta? Samkvæmt alþjóðlegri hagfræðilegri skilgreiningu er ferðaþjónusta samansafn atvinnugreina sem selja ferðamönnum afurðir sínar. Með öðrum orðum, ferðaþjónusta er ekki ein atvinnugrein heldur summa atvinnugreina sem selur misstóran hluta afurða sinna ferðamönnum. Þær atvinnugreinar sem selja meirihluta afurða ferðamönnum eru í fræðunum kallaðar einkennandi ferðaþjónustugreinar, en það eru greinar eins og gisting, veitingar og samgöngur. Aðrar atvinnugreinar veita einnig ferðaþjónustu í mismiklum mæli eins og verslun, afþreying, menning og svo framvegis.

Eftirfarandi tafla sýnir samsetningu á ferðaþjónustuneyslu á Íslandi og á Nýja-Sjálandi samkvæmt alþjóðlegum ferðaþjónustureikningum. Fram kemur að 45 prósent af ferðaþjónustuneyslu á Nýja-Sjálandi tengist öðrum atvinnugreinum en einkennandi ferðaþjónustugreinum, en aftur aðeins 15 prósent hér á landi.

**Sóknarfæri – hagstjórnartæki**

Líta má á hinn mikla fjölda ferðamanna sem heimsækir Ísland sem auðlind sem hægt er að nýta til frekari virðisauka fyrir land og þjóð. Í fræðunum segir að megintilgangur ferðalaga sé (1) frí/afþreying, (2) vinir/vandamenn, (3) verslun, (4) viðskipti, (5) menntun, (6) heilbrigðisþjónusta, (7) trúarbrögð, (8) fríhöfn og (9) annað. Sé horft til ferðaþjónustu vítt og breitt um heiminn þá er samsetning hennar afar mismunandi, eða allt frá megináherslu á sól/afþreyingu (Spánn), verslun/viðskipti (Bretland), menningu (Frakkland), náttúru (Nýja-Sjáland), menntun (Bandaríkin), heilbrigðisþjónustu (Ungverjaland) og trúarbrögð (Sádi-Arabía). Hér á landi hafa til dæmis skapast tækifæri í ferðaþjónustu tengdri heilbrigðisþjónustu með áformum um rekstur sérhæfðra sjúkrahúsa í Reykjanesbæ (2010) og Mosfellsbæ (2016). Á sviði ferðaþjónustu eru því fjölmörg sóknarfæri, en það er áskorun okkar að sækja fram og bjóða þær afurðir sem gefa samfélaginu hvað mest til lengri tíma litið.

Fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku í ferðaþjónustu til lengri tíma þarf að styrkja verulega ferðaþjónustuþáttinn í þjóðhagslíkönum (sem vaxið hefur gífurlega undanfarin ár). Með slíku skrefi er hægt að styrkja verulega áætlana- og spágerð í ferðaþjónustu og meta mun betur möguleg sóknarfæri og ávinning fyrir þjóðarbúið.

**Virðisauki í ferðaþjónustu – næstu skref**

Framlag (virðisauki) ferðaþjónustu til landsframleiðslunnar 2019 var um 240 milljarðar króna eða rúmlega 8 prósent af landsframleiðslu. Rætur virðisaukans eru í vinnuafli, fjármagni og auðlindanotkun. Mikið vinnuafl starfar í ferðaþjónustu, en fjármagn er þar einnig mjög mikið í gistingu, veitingum og samgöngutækjum. Arðurinn (virðisaukinn) af auðlindanýtingu er hins vegar að mestu óbeinn en þó eru dæmi um beina nýtingu eins og tengt Kerinu og Bláa lóninu.

Fyrir hagvöxt næstu ára og áratuga þarf að líta á ferðaþjónustu með jákvæðum hætti og skoða vel hvaða sóknarfæri eru til staðar. Til að svo verði sem best gert þarf að: Líta á ferðamenn sem auðlind sem stækkar til muna efnahagskerfi okkar með aukinni spurn eftir innlendum afurðum. Styrkja verulega þátt ferðaþjónustu (hegðunarjöfnur) í þjóðhagslíkönum til að meta nákvæmar breytingar/áhrif og sóknarfæri á landsframleiðslu og styrkja til muna áætlana- og spágerð til lengri tíma. Efla verulega hagfræðilega þekkingu og rannsóknir á sviði ferðaþjónustu á háskólastigi þannig að stefnumörkun í ferðaþjónustu verði með sem faglegustum hætti.

### Samanburður á neyslu í ferðaþjónustu á Íslandi og Nýja-Sjálandi

| Ísland - m.ISK | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Neysla í ferðaþjónustu** | **494.383** | **528.235** | **553.459** | **552.565** |
| Einkennandi atvinnugreinar í ferðaþjónustu, alls | 1416.532 | 445.124 | 462.930 | 463.737 |
| Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu, alls | 77.851 | 83.111 | 90.529 | 88.828 |
| Einkennandi atvinnugreinar í ferðaþjónustu, % af heild | 84,3 | 84,3 | 83,6 | 83,9 |
| Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu, % af heild | 15,7 | 15,7 | 16,4 | 16,1 |

| Nýja-Sjáland - m.NZ$ | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Neysla í ferðaþjónustu (tourism expenditure)** | **31.983** | **32.934** | **35.580** | **37.059** |
| Einkennandi atvinnugreinar í ferðaþjónustu, alls | 17.347 | 18.005 | 19.292 | 20.188 |
| Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu, alls | 14.635 | 14.928 | 16.288 | 16.871 |
| Einkennandi atvinnugreinar í ferðaþjónustu, % af heild | 54,2 | 54,7 | 54,2 | 54,5 |
| Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu, % af heild | 45,8 | 45,3 | 45,8 | 45,5 |

OPIÐ 24/7
Kvikk: Dalvegi, Suðurfelli, Vesturlandsvegi og Fitjum

Lykillinn margborgar sig á Kvikk stöðvunum*

Þú nálgast lykilinn í verslunum Kvikk eða á Orkan.is

Sbarro tilboð á Vesturlandsvegi
Sneið + drykkur
690 kr.

Frítt á könnunni
Ókeypis kaffi og kakó

Pylsupartí
Pylsa + ½ lítri af gosi að eigin vali frá Ölgerðinni
499 kr.

Red Bull
Orkudrykkir
199 kr.

*Gildir eingöngu gegn framvísun Orkulykils/-korts. Tilboðin gilda til 31. ágúst 2020.

Kvikk ON THE GO
ORKAN

# ALVÖRU

**Veglegur auka-hlutapakki fylgir.**

**10-50% afsláttur**

## Lavor HPC Galaxy 150
Orka Max: 2100W
Þrýstingur Max: 150 bör
Vatnsflæði Max: 450 l/klst

Made by Lavor

**17.592**
Áður ~~21.990~~ kr.

20% afsláttur

## Lavor HPC fast 120
Orka Max: 1700W
Þrýstingur Max: 120 bör
Vatnsflæði Max: 510 l/klst

**9.995**
Áður ~~12.990~~ kr.

20% afsláttur

Made by Lavor

20% afsláttur

LuTool Gráðukúttsög 254 mm blað
**26.372** Áður kr. ~~32.965~~
með 305 mm blaði **36.392**
Áður ~~45.490~~ kr.

Hrærivél 120C
1200W 40-60 lítr.
**14.996**
Áður ~~19.995~~ kr.

140C 1600W 40-80 lítr. **18.739**
Áður ~~24.985~~ kr.

25% afsláttur

15% afsláttur

Slípirokkur 125mm 950W
**6.795**
Áður ~~7.995~~ kr.

40% afsláttur

LuTool stein/við/járn sög 600W
**9.951**
Áður ~~16.585~~ kr.

50% afsláttur

Delta GRAY ANZIO SWEAT JACKET
**4.495**
Áður kr. ~~8.990~~

20% afsláttur

MaxPro Smergel 250W
**6.392**
Áður ~~7.990~~ kr.

20% afsláttur

LuTool fjölnota sög /hjakktæki/juðari. 300W.
**5.592**
Áður kr. ~~6.990~~

20% afsláttur

Delta föðurland buxur
**2.792**
Áður ~~3.490~~ kr.

50% afsláttur

DELTA GRAY TRENTO
Vatnsheld úlpa
**6.995**
Áður kr. ~~13.990~~

25% afsláttur

**33.739**
Áður ~~44.985~~ kr.

**MOWER CJ18**
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-80mm/10

BRIGGS & STRATTON ®

25% afsláttur

Borðsög Flip-over 1800W bl. 255mm
**52.496**
Áður ~~69.995~~ kr.

Arges bor-/skrúfvél 18V, 1,8Ah rafhlaða
**7.800**
Áður kr. ~~13.900~~

40% afsláttur

20% afsláttur

Colorex Vagans PRO
St. A innimálning 9L
**6.796**
Áður ~~8.495~~ kr.

20% afsláttur

Colorex Projekt 10,
10 lítrar (Málarahvítt)
**6.717**
Áður ~~8.395~~ kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Hafnarfjörður** | Selhellu 6. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

# SUMARÚTSALA

Bíla & gluggaþvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

**2.097**

Áður ~~2.995~~ kr.

30% afsláttur



**Sláttuorf Mow FBC310**

**21.739**

Áður ~~28.985~~ kr.

25% afsláttur

Sláttuorf:
1cylinder loftkældur mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensíntanks 0,65 L

20% afsláttur

Drive Pro Ryk- & vatnssuga
20L, 1400W mótor
Sogkraftur 17 KPa

**10.792**

Áður ~~13.490~~ kr.

**Kaliber ferðagasgrill**

**21.735**

Áður ~~28.980~~ kr.

Kaliber PREMIUM GRILL

25% afsláttur

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
Grillgrind úr pottstáli
Þrýstijafnari fylgir

Joker 1400W
Ryk-/blautsuga

**9.995**

Áður ~~12.995~~ kr.

23% afsláttur

**Ceravid** Hand-laugarsett 45cm með blöndunartæki

**14.995**

Áður ~~18.890~~ kr.

20% afsláttur

25% afsláttur

**BoZZ** sturtusett með hitastýrðum blöndunartækjum

**18.668**

Áður ~~24.890~~ kr.

25% afsláttur

3-6 lítra hnappur

20% afsláttur

**CERAVID SETT**
**WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.**
**Þýsk gæðavara**

**34.872**

Áður ~~43.590~~ kr.

15% afsláttur

Ceravid vegghengd handlaug

**5.857** Áður ~~6.890~~ kr.



20% afsláttur

**Riga** salerni með setu, gólf- eða veggstútur

**19.916**

Áður ~~24.895~~ kr.

30% afsláttur

**Guoren**-BO Hitastýrt sturtutæki með niðurstút

**9.793**

Áður ~~13.990~~ kr.

GUOREN

**Guoren** Sturtusett með hitastýrðum blöndunartækjum

**28.425**

Áður ~~37.900~~ kr.

25% afsláttur

Colorex Sköld þakmálning 9L Stofn A

**9.746**

Áður ~~12.995~~ kr.

30% afsláttur

Gólfmálning - Grágrænn 3 L

**3.777**

Áður ~~5.395~~ kr.

**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**

15% afsláttur

25 litrar **24.638**
Áður ~~28.985~~

Creative Super Seal 5 litrar

**10.192**

Áður ~~11.990~~ kr.

40% afsláttur

**Wineo vínyl parketi m/áföstu undirlagi**

**2.994** kr./m²

Áður ~~4.990~~ kr.

Ódýrasta vínilparket með undirlagi á Íslandi!

25% afsláttur

Colorex Betopaint útimálning Stofn A 9L

**7.496**

Áður ~~9.995~~ kr.

25% afsláttur

Ladora premium tréolía 3L

**2.246**

Áður ~~2.995~~ kr.

25% afsláttur

Oden Þekjandi viðarvörn 2,7L

**4.995**

Áður ~~6.695~~ kr.

Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum Múrbúðarinnar. Takmarkað magn af sumum vörum.

**MÚRBÚÐIN**

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

## Klopp vill fá Mandi í liðið

**FÓTBOLTI** Liverpool hefur lagt fram tilboð í Alsíringinn Aissa Mandi sem spilar með Real Betis. Mandi er með 25 milljóna punda klásúlu í samningnum sínum en Liverpool vonast til að fá hann ódýrar þar sem hann er að renna út af samningi. Enskir miðlar greina frá því að tilboð Liverpool hafi verið níu milljónir punda og er þar fullyrt að Jurgen Klopp sjái Mandi sem leikmann sem gæti fyllt skarð Dejan Lovren sem fór til Zenit í Rússlandi. Mandi yrði annar Alsíringurinn í enska boltanum en Riyad Mahrez, leikmaður Manchester City, er sá eini eins og staðan er núna. – bb

Jurgen Klopp stjóri Liverpool.

## Drogba vill verða forseti í heimalandinu

**FÓTBOLTI** Didier Drogba vill verða forseti knattspyrnusambands Fílabeinsstrandarinnar en kosið verður fimmta september. Þrír aðrir eru í kjöri. „Það er ekkert leyndarmál að fótboltinn í landinu er ekki á góðum stað. Þess vegna vil ég – og mitt lið á bak við kjörið, snúa blaðinu við," sagði Drogba við blaðamenn en þúsundir manna fylgdu honum síðasta spölinn að húsi knattspyrnusambandsins þar sem hann skilaði framboði sínu. Drogba er gífurlega vinsæll í heimalandinu enda spilaði hann þrisvar á HM fyrir Fílabeinsströndina, tvisvar kom hann liðinu í úrslit Afríkukeppninnar og vann fjölda titla með Chelsea. – bb

Didier Drogba í þá gömlu góðu daga með Chelsea. MYND/GETTY

# Gullskór Evrópu endaði á Ítalíu í fyrsta sinn í þrettán ár

**Ciro Immobile fékk gullskó Evrópu fyrir mörkin sín 36 í Seríu A. Hann rauf þar með einokun Lionel Messi og Ronaldo sem hafa verið fastir áskrifendur að skónum gyllta. Immobile hefur skorað 103 mörk í 142 leikjum fyrir Lazio, en hann kostaði aðeins átta milljónir evra þegar hann kom frá Dortmund 2016.**

Immobile ásamt Cristiano Ronaldo leikmanni Juventus sem endaði þriðji markahæsti í Evrópu en hann hefur unnið gullskóinn fjórum sinnum á ferlinum. Immobile skoraði eitt mark í lokaumferðinni á laugardag. MYND/GETTY

**FÓTBOLTI** Ciro Immobile, leikmaður Lazio, varð markahæsti leikmaður ítölsku deildarinnar með 36 mörk og fær hann gullskó Evrópu. Lionel Messi hafði unnið gullskóinn þrjú ár í röð og reyndar hafa hann og Cristiano Ronaldo skipt gullskónum bróðurlega á milli sín undanfarinn áratug. Aðeins Luis Suárez hefur skipt sér af málum en hann vann hann með Ronaldo árið 2014 og svo aftur með Barcelona 2016.

Immobile kom til Lazio frá Dortmund árið 2016 og kostaði innan við 10 milljónir evra. Ferillinn var svona frekar á leið niður á við og það var ekkert búist við sérstaklega miklu. Hann skoraði jú aðeins þrjú mörk fyrir Dortmund og var lánaður til Sevilla sem skilaði honum eftir sex mánuði. Hjá Dortmund var Jurgen nokkur Klopp við stjórnvölinn og sá kann nú að ná því besta út úr sínum leikmönnum. Dortmund leyfði honum að fara til Lazio þar sem Simeone Inzaghi var mættur til að taka við Rómarliðinu. Þar var spilaður fótbolti sem smellpassaði Immobile. Hann hefur varla getað reimt á sig takkaskóna án þess að skora fyrir Lazio og er kominn með 103 mörk í 142 leikjum.

Immobile jafnaði markamet Gonzalo Higuain um helgina sem hann setti fyrir fjórum árum. Séu markametin skoðuð sést að Higuain skoraði þrjú mörk úr vítaspyrnum en Immobile hefur skorað 14. Ekki að það geri lítið úr afrekinu – það þarf jú að skora úr þessum vítaspyrnum.

Immobile er fæddur við rætur Vesúvíus-eldfjallsins. Hann sló í gegn með unglingaliðinu Sorrento Calcio þar sem hann skoraði 30 mörk. Gamli varnarjaxl Juventus, Ciro Ferrara, sá hann í einum leik og mælti með honum við félagið sem stökk á pilt og borgaði 80 þúsund evrur fyrir þjónustu hans. Hann byrjaði í U-19 ára liðinu og skoraði töluvert fyrir liðið. Hann fékk smjörþefinn af aðalliðinu árið 2009 þegar hann kom inn á fyrir sjálfan Alessandro Del Piero.

Hann gekk þessa hefðbundu leið ungra leikmanna og fór í lán til Siena, Grosseto og Pescara í Seríu B. Hjá Pescara fann hann markaskóna og skoraði 28 mörk og endaði markahæstur í deildinni. Genoa keypti piltinn en þar gekk illa og endaði hann ári síðar hjá Tórinó – þar sem hann var í eitt ár og raðaði inn mörkum og endaði markahæstur í Seríu A með 22 mörk.

Jurgen Klopp sá gæðin og keypti hann í framlínuna fyrir 18 milljónir evra. Það gekk ekki eins og fyrr segir en um leið og hann fór í blára búning Lazio gengu hlutirnir vel og mörkin hafa varla hætt að koma.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 2007 sem gullskór Evrópu endar á Ítalíu en þá vann Fransesco Totti þennan margfræga skó. Pólverjinn Robert Lewandowski, hjá FC Bayern varð annar og Ronaldo fékk bronsskóinn. Lionel Messi skoraði „aðeins" 25 mörk þetta árið sem dugði þó til að verða markahæstur í Spánarsparki. benediktboas@frettabladid.is

**Gamli varnarjaxl Juventus, Ciro Ferrara, sá hann í einum leik og mælti með honum við félagið sem stökk á pilt og borgaði 80 þúsund evrur fyrir þjónustu hans.**

Þetta er í fyrsta sinn sem leikmaður Lazio vinnur gullskóinn. Immobile hefur verið magnaður fyrir félagið síðan hann kom á klink frá Dortmund.

# Upplýsingar um framhald fótboltans berast eftir fund stjórnar KSÍ

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands fundar með yfirvöldum í dag og mun stjórn sambandsins funda í kjölfarið. Eftir fundinn mun sambandið svo upplýsa frekar um stöðu mála. KSÍ frestaði öllum sínum leikjum til 5. ágúst en í svari Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis til ÍSÍ var ákveðið að fresta öllum æfingum og keppnum til 13. ágúst. Á morgun ætti að skýrast hvort knattspyrnufólk geti hafið æfingar og keppni að nýju.

Guðni Bergsson formaður KSÍ sagði í útvarpsþættinum Fótbolta.net að hann væri bjartsýnn á að hægt yrði að klára Íslandsmótið. „Við erum búin að gefa út reglugerð þar sem við kveðum á um að við ætlum að gefa okkur allavega til 1. desember til að klára mótið ef við þurfum á að halda. Ef okkur seinkar um eina til tvær vikur þá gerir það okkur erfiðara fyrir en við höfum tíma upp á að hlaupa," sagði Guðni í þættinum.

Flest liðin hafa spilað átta eða níu leiki nema Stjarnan sem hefur aðeins leikið sex leiki. Sjöundi leikur Stjörnunnar í fyrra var 3. júní gegn Val. Næsta umferð efstu deildar karla er áætluð 9. ágúst. Það skýrist á morgun hvort það þurfi að blása þá umferð af eins og þá sem átti að hefjast í dag með leik KA og HK.

Samkvæmt sérstakri reglugerð sem stjórn KSÍ samþykkti í júlí er nóg að spila tvo þriðju af mótinu til að krýna meistara og skera úr um hvaða lið falla eða fara upp um deildir. „Ég er bjartsýnn á að við klárum mótið," sagði formaðurinn og bætti við að 1. desember væri viðmið. „Við vildum ekki alveg fara fram að jólum eða inn í næsta ár. Við töldum að 1. desember væri gott viðmið. Við viljum allavega klára tvo þriðju leikja svo að mótin verði í raun og veru gild. Ég held að það hafi verið gott að vera búin að setja þessa reglugerð," sagði Guðni. – bb

**Samkvæmt sérstakri reglugerð sem stjórn KSÍ samþykkti í júlí er nóg að spila tvo þriðju af mótinu til að krýna meistara og skera úr um hvaða lið falla eða fara upp um deildir.**

Blikakonur eru efstar í Pepsi-deild kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FÓLK

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 4. ÁGÚST 2020

Birgitta fékk áhuga á heimilisplöntum fyrir örfáum árum og rekur nú Instagram-síðu tileinkaða þeim. Hún nýtur þess að fylgjast með plöntunum sínum vaxa og dafna og segir að tíminn sem fer í umhirðu þeirra sé gefandi. Í gegnum síðuna hefur hún kynnst öðrum með sama áhugamál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fylgist með kraftaverki náttúrunnar í stofunni

Birgitta Saga Jónsdóttir rekur Instagram-síðuna Heimilisplöntur, þar sem hún fjallar um plöntur og umhirðu þeirra. Hún segir að þetta skemmtilega áhugamál sé vinsælla en margir halda og bæði gefandi og gott fyrir sálina. →2

ENZYMEDICA

Pizza í matinn?

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Birgitta Saga Jónsdóttir er 25 ára Kópavogsmær sem er að hefja síðustu önnina í meistaranámi í lögfræði og rekur Instagram-síðuna Heimilisplöntur, sem samkvæmt lýsingunni er „plöntusíða fyrir plöntuperra og þá sem vilja fræðast um þær heimilisplöntur sem fást á íslenskum markaði“. Birgitta býr í 30 fermetra íbúð með kærastanum sínum, hundi og um 60 heimilisplöntum. Hún segir að sér líði vel þegar hún hugsar um plönturnar og fylgist með þeim vaxa og blómstra og að þetta sé bæði skemmtilegt áhugamál og góð leið til að hugsa um sjálfan sig.

Birgitta segir að kærastanum finnist plönturnar stundum vera að taka yfir. „En það skiptir ekki máli. Við nýtum plássið vel. Það verður líka að taka það með í reikninginn að margar af þessum plöntum eru bara litlar, það telur,“ segir hún létt.

Birgitta hafði lengi engan áhuga á plöntum, þrátt fyrir að alast upp í kringum fólk með græna fingur.

„Ég var alveg svona plastblómatýpan og skildi ekki af hverju fólk vildi eiga plöntur,“ segir hún. „En mamma og pabbi voru alltaf með rosa mikið af plöntum og ég ólst upp með tveggja metra háan kaktus í stofunni sem pabbi minn hafði átt síðan hann var 15 ára og sá vel um.

Einu sinni datt þessi kaktus næstum á stóru systur mína þegar hún var barn, en pabbi náði að grípa hann áður og fékk nálar í sig allan. En hann hefur samt alltaf fylgt okkur,“ segir Birgitta. „Núna skil ég þetta. Hann var búinn að hugsa um þennan kaktus og fylgjast með honum vaxa og við það myndast ákveðin tengsl.“

## Áhuginn óx hratt

„Ég byrjaði að hafa áhuga á plöntum fyrir tveimur til þremur árum og þá heltók áhuginn mig. Ég byrjaði með nokkrar plöntur, en það gekk auðvitað ekki alltaf fyrst, þegar ég var að læra,“ segir Birgitta. „Tengdaforeldrar systur minnar reka blómabúðina Auði í Garðabæ og ég byrjaði að fara þangað, sem mér finnst rosa gott. Eftir að ég fór að vera umkringd áhugafólki um plöntur byrjaði áhuginn að aukast og ég fór að sanka að mér plöntum hægt og rólega.

Fljótlega varð þetta svona eins og að safna Pokémon, „Gotta Catch ‘Em All!,““ segir Birgitta í gríni. „Það er kannski ekki alveg raunsætt, að minnsta kosti ekki í þessari íbúð sem ég er í núna. Ég byrjaði líka að sanka að mér fróðleik og kaupa fullt af bókum. Núna er ég með svona tíu bækur um plöntur og umhirðu þeirra, því ég vil auðvitað að þær séu hamingjusamar hjá mér.“

## Gerir heimili heimilislegri

Birgitta segir að það sé gefandi og gott dundur að sjá um eitthvað og horfa á það vaxa. „Plöntunum fylgir auðvitað umhirða en það er tími fyrir sjálfa mig. Ég tek alltaf laugardaga í að labba um stofuna og tékka á öllum plöntunum og sinna þeim,“ segir hún. „Mér líður vel þegar ég er að hugsa um plönturnar mínar og sé eitthvað blómstra. Ég á til dæmis loftplöntu sem er að blómstra núna og þær blómstra bara einu sinni á lífsleiðinni. Það er æðislegt að fylgjast með kraftaverki náttúrunnar gerast heima hjá þér.“

Birgitta er óvirkur alkóhólisti og segir að allur peningurinn sem hún hefði eytt í áfengi og leigubíla fari núna í plönturnar í staðinn.

„Ég hef glímt við kvíða og þunglyndi síðan ég var 12 ára, en hef verið rosa góð á þessu ári og þetta hjálpar rosalega mikið,“ segir hún. „Þetta er leið fyrir mig til að ná mér niður og núllstilla mig. Þannig að þetta er bæði áhugamál og líka leið til að hugsa um sjálfan sig.

Plönturnar hjálpa líka við að hreinsa loftið, þó að þær séu fyrst og fremst augnayndi, og mér finnst heimili verða heimilislegri með plöntum,“ segir Birgitta.

## Þetta vantaði á Instagram

„Ég byrjaði að pósta mikið um plöntur á mína eigin Instagram-síðu, en vinkonurnar sýndu því ekki mikinn áhuga. Ég sá hins vegar að það var ekkert íslenskt Instagram að tala um plöntur og umhirðu þeirra á markvissan og aðgengilegan hátt, þó að það væri til stórt og gott samfélag kringum þetta á Facebook,“ segir Birgitta. „Mig langaði að fylla í þetta skarð og þar sem ég hef líka áhuga á ljósmyndun byrjaði ég að taka myndir af plöntunum mínum, segja hvernig á að hugsa um þær og dreifa því.

Viðbrögðin hafa verið mjög góð og ég er búin að eignast vinkonur í gegnum þetta sem deila sama áhugamáli. Samfélagið í kringum þetta er miklu stærra en maður býst við. Mér finnst þetta yndislegt og ég er búin að eignast mjög yndislega vinkonu í gegnum þetta, hana Silju Hönnu. Maður kynnist fólki út frá þessu sameiginlega áhugamáli og það gerir rosa mikið fyrir mann, það vilja nefnilega ekki allir spjalla við mann um plöntur.

Þar sem ég er komin með yfir 1000 fylgjendur ætla ég að fara í gjafaleik og gefa plöntu. Ég ætla líka að vera duglegri að pósta og ég held líka að það gæti verið gaman að leyfa öðru áhugafólki að taka yfir Instagrammið,“ segir Birgitta.

Þar sem hún hefur enga menntun sem við kemur plönturækt býður Birgitta einfaldlega upp á ráðleggingar. „Mér finnst ég ekki geta sett mig á stall. Þetta er líka pínu loðið, því þetta er allt breytilegt eftir aðstæðum. Í fyrsta lagi eru allar plöntur mismunandi og svo skapa ólíkar aðstæður ólíkar þarfir,“ segir hún. „En ég gef upplýsingar um æskilega birtu og æskilega vökvun miðað við þá birtu og reyni að vera dugleg að taka fram hvaða plöntur er barnvænar og dýravænar.“

Birgitta segir að aðrir sem séu fróðari en hún geti gefið fólki leiðbeiningar. „Til dæmis hann Hafsteinn Hafliðason inni á Facebook hópnum „Stofublóm inniblóm pottablóm“, hann er algjört plöntusérfræðingur. Svo eru líka aðrar stelpur á Instagram, til dæmis Ingibjörg Andrea, sem er meira að segja með heimagerða mold og alls konar, og Arna Sif Eirberg, sem safnar fágætum plöntum. Þær eru báðar stjórnendur í hóp á Facebook sem heitir Sjaldgæfar/Exotic Plöntur Íslands.“

## Margt í boði fyrir byrjendur

Birgitta segir að henni sýnist Monstera Deliciosa vinsælasta heimilisplantan um þessar mundir. „Reyndar eru flestar Monstera-plöntur á Íslandi Monstera Borsigiana, sem eru aðeins öðruvísi og það hefur verið umræða um það,“ segir hún. „Það er líka mikil eftirspurn eftir Variegated Monstera Deliciosa, sem er með hvítar skellur á laufunum. Svo eru Hoya-plöntur líka mjög vinsælar, sem og Gyðingurinn gangandi, sem er til í mörgum litaafbrigðum.

Fyrir þá sem eru að byrja með heimilisplöntur eru Monstera og Mánagull góð byrjun, sem og Sansevieria, sem heitir tannhvöss tengdamamma á íslensku. Það eru plöntur sem þarf voða lítið að hugsa um eða vökva. Fyrir þá sem vilja vökva og finnast eins og þeir séu að sinna þeim meira eru kólusar sniðugir og þeir eru til í mörgum fallegum litum. Ég held að ég eigi svona tíu afbrigði, það er endalaust úrval. Það er líka hægt að fá afleggjara á netinu í Facebook-hópunum Afleggjarar og Markaðstorg inniplantna.“

## Græddi ömmu í faraldrinum

„Ég held að mín uppáhalds planta sé Hoya-plantan sem ég var með í glugganum á meðan ég vann í meistararitgerðinni minni hjá ömmu þegar COVID-faraldurinn fór af stað, en þá vantaði mig samastað til að vinna. Amma sá um hana fyrir mig og hún byrjaði að spretta eins og hún sé tryllt,“ segir Birgitta. „Hún minnir mig alltaf á ömmu, en mér þykir mjög vænt um hana. Við náðum mjög vel saman á meðan ég var að vinna heima hjá henni, en höfðum ekki verið mjög nánar fyrir það, og ég tileinkaði henni ritgerðina. Ég held að það besta sem kom út úr COVID fyrir mig hafi verið að fá ömmu mína.“

Birgitta hafði lengi engan áhuga á plöntum, en þegar hann vaknaði óx hann hratt. Fljótlega fór hún að sanka að sér plöntum og bókum um umhirðu þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Birgitta segir að það sé stórt og gott samfélag í kringum heimilisplöntur á Facebook en það hafi vantað íslenskt Instagram sem talaði um plöntur og umhirðu þeirra á markvissan og aðgengilegan hátt og hún vildi bæta þar úr.

Á Instagram-síðunni Heimilisplöntur veitir Birgitta alls kyns ráðleggingar varðandi umhirðu heimilisplantna.

> Þetta er leið fyrir mig til að ná mér niður og núllstilla mig. Þannig að þetta er bæði áhugamál og líka leið til að hugsa um sjálfan sig.

Birgitta hefur fengið frábær viðbrögð við síðunni og eignast góða vini sem deila áhugamálinu með henni.

Birgitta deilir 30 fermetra íbúð með kærastanum sínum, hundi og um 60 heimilisplöntum. Kærastanum finnst plönturnar stundum vera að taka yfir en Birgitta segir að þau nýti plássið vel og margar af plöntunum séu litlar.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 4. ÁGÚST 2020

Ný tækni í S-línu

8

Hummer í haust

2


# MG ZS EV – Billinn með skrýtna nafnið

MG er nýtt bílamerki á Íslandi og fyrsti billinn sem umboðsaðili þess, BL kynnir er rafbíllinn ZS EV. Hann er boðinn á verði sem ekki hefur sést fyrir rafbíl áður í þessum stærðarflokki. **6**

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís

# BÍLAR

Pallbíllinn er sá eini sem er falinn en hinir þrír eru vel sýnilegir.

## Fisker með fjóra bíla árið 2025

Fisker tilkynnti nýlega að merkið væri að ganga frá samningi við Volkswagen um að nota MEB-undirvagninn fyrir nýja Ocean-rafbílinn. Með tilkynningunni fylgdi mynd sem að sýnir að merkið ætli sér að framleiða fleiri bíla, en stofnandi fyrirtæksins, Henry Fisker sér fyrir sér að Fisker bjóði upp á fjórar gerðir bíla árið 2025. Ocean-bíllinn er svipaður að stærð og Ford Mustang Mach-E og fer hann í framleiðslu á næsta ári. Næsti bíll er fjögurra dyra sportbíll sem byggir á Emotion-hugmyndabílnum og á eflaust að keppa við Porsche Taycan og Tesla Model S. Síðan kemur sportlegur jepplingur sem keppir við BMW iX4 og loks er einnig von á pallbíl frá Fisker, nema hvað?

Nýi eVMP-undirvagninn kemur fyrst í næstu kynslóð Peugeot.

## PSA kynnir undir-vagn fyrir rafbíla

Eitt af undirmerkjum PSA, Peugeot, hefur kynnt nýjan undirvagn samsteypunnar sem fyrst má sjá undir næstu kynslóð Peugeot 3008. Er hans að vænta innan þriggja ára og mun undirvagninn heita eVMP, og geta notað rafhlöður með allt að 650 km drægi. Byggir undirvagninn að miklu leyti á EMP2 undirvagninum og mun öflugasta útgáfan vera 335 hestöfl með fjórhjóladrifi. Peugeot mun geta boðið næstu kynslóð 3008 bílsins einnig sem tengiltvinnbíl, en systurmerkið Citroen mun ekki geta það með nýjum C4, þar sem hann byggir á CMP- rafbílaundirvagninum. Núverandi tengiltvinnútgáfa er 296 hestöfl með 65 km drægi en næsta kynslóð mun örugglega gera betur en það.

Honda CRV er vinsælasti bíll Honda-merkisins hérlendis og reyndar víðar.

## Meirihluti nýrra Honda tvinnbílar

Meirihluti nýskráðra Honda-bíla á árinu eru tvinnbílar, en Honda CRV er söluhæsti Honda-bíllinn það sem af er ári. Hann var meðal annars valinn jepplingur ársins í Bandaríkjunum í fyrra og hjá tímaritinu WhatCar? sem og valinn græni jepplingur ársins hjá Green Car Journal. Nú hafa bæst við tveir nýir tvinnbílar hjá Honda, annars vegar Honda Jazz og hins vegar Honda Jazz Crosstar sem er smájepplingur frá japanska framleiðandanum.

Lítið dulbúin S-lína við prófanir nálægt hönnunarsetri Mercedes-Benz í Þýskalandi.

# Nýjar upplýsingar um S-línuna

**Þegar ný S-lína Mercedes er kynnt er tækifærið venjulega notað til að kynna nýjasta tæknibúnað framleiðandans. Væntanleg S-lína er engin undantekning á þeirri reglu og við höfum séð njósnamyndir af því að undanförnu.**

Mercedes-Benz hefur látið frá sér meiri upplýsingar um væntanlega kynslóð S-línunnar og er greinilegt að hönnuðir merkisins fengu að fara nokkrar ferðir í nammibúðina. Meðal þess sem við munum sjá í bílnum er nýjasta útgáfa E-Active Body Control-kerfisins sem er með fjölstillanlegum dempurum, fimm tölvum og tuttugu skynjurum víða um bílinn. Er kerfinu ætlað að skynja hreyfingar bílsins og yfirborð vegarins þúsund sinnum á sekúndu og stilla fjöðrun og undirvagn bílsins samkvæmt því.

Meðal aksturskerfa bílsins verður svokölluð „Curve“-stilling sem að hallar bílnum eins og mótorhjóli inn í beygjurnar. Aksturskerfin verða líka tengd öryggiskerfi bílsins og geta skynjararnir meðal annars

Stóri OLED skjárinn verður næstum 13 tommur og stýrir flestu í bílnum.

skynjað hættu á hliðarárekstri. Ef að það gerist munu demparar bílsins lyfta honum snögglega upp til að minnka hættu á að höggið nái til farþegarýmis en beinist þess í stað að undirvagni bílsins. Auk þess verður bíllinn með nýjum öryggispúða milli farþega í framsætum, og er honum ætlað að minnka hættu á að höfuð þeirra rekist saman við hliðarárekstur. Bíllinn verður með næstu kynslóð fjórhjólastýringar sem að minnkar snúningshring hans um tvo metra frá fyrri kynslóð.

Ný S-lína verður sú fyrsta með næstu kynslóð MBUX-upplýsingakerfisins. Það mun geta virkað samtímis á allt að fimm skjám í bílnum í einu. Stærsti skjárinn verður 12,8 tommu OLED-skjár í miðjustokki. Hann mun stýra mörgum af stjórntækjum bílsins og losa hann við 27 takka í mælaborðinu. Nýr upplýsingaskjár á framrúðu bílsins mun sýna leið-

**» Auk þess má vænta V8-útgáfu og jafnvel V12, auk EQS rafútgáfunnar. Sá bíll fer í framleiðslu seint á næsta ári.**

söguupplýsingar eins og þær væru tíu metrum fyrir framan bílinn, og koma þannig í veg fyrir að notkun þess dreifi athygli ökumannsins. Myndavélar í innanrými munu geta skynjað hreyfingar farþega og ökumanns, til dæmis er nóg að ökumaður horfi á hliðarspegla til að upp komi stillingar hans á skjánum. Loks getur nýja MBUX-kerfið geymt upplýsingar um allt að sjö notendur og helstu stillingar þeirra á sætum, miðstöð, útvarpi eða ljósastillingum.

Ekki hafa verið gefnar út upplýsingar um vélbúnað S-línunnar ennþá, en líklega verða sex strokka bensín- og dísilvélar með tvinnútfærslu helst í boði. Auk þess má vænta V8-útgáfu og jafnvel V12, auk EQS-rafútgáfunnar. Sá bíll fer í framleiðslu seint á næsta ári.

## Nýr Hummer frumsýndur í haust

GMC hefur í nýju myndbandi sýnt bestu mynd hingað til af nýjum Hummer-rafjeppa og einnig tilgreint að hann verði frumsýndur í haust. Einnig kemur fram að framleiðsla hefjist haustið 2021 og að væntanlegir kaupendur geti farið að forpanta bílinn. Bíllinn kemur í tveimur útgáfum, sem jeppi og pallbíll sem stuttum palli. Dekkin eru vel sýnileg og gefa sterklega til kynna að bíllinn verði torfærutæki. Einnig eru akstursstillingar eins og Gra-b Mode og Adrenalin Mode nefnd á nafn en ekkert útskýrt frekar hvað er átt við. Á mynd af jeppanum á hönnunarstofu má sjá sterkbyggða króka og stuðara að framan ásamt veglegri

Útlínurnar vísa til útlits fyrri kynslóða þótt um nýja hönnun sé að ræða.

Kraftalegur framendi og undirakstursvörn bendir til torfærugetu.

undirakstursvörn. Hann verður með þaki sem hægt verður að taka af, líkt og í nýjum Bronco. Eins og fram hefur komið verður honum ekki afls vant en hann mun hafa úr 1000 hestöflum að spila.

BOSCH

# BÍLAVARAHLUTIR

- Robert Bosch er einn stærsti framleiðandi heims í íhlutum fyrir bílaframleiðendur.
- Fyrirtækið er með yfir **400.000 starfsmenn** að störfum um allan heim.

**Bílaframleiðendur velja Bosch, kannski ættu fleiri að gera það sama.**





**Þú færð bílavarahluti frá Bosch í Kemi, Tunguháls 10.**

**Pantanir í síma 519 1519 og 415 4000.**

Verslun Tunguhálsi 10 - Sími 415 4000 – www.kemi.is - kemi@kemi.is

kemi

# BÍLAR

Það sést vel að bíllinn líkist Imagine hugmyndabílnum frá því í fyrra.

## Njósnamyndir af rafjepplingi Kia

Náðst hefur á mynd dulbúin útgáfa næsta rafbíls Kia sem kallast einfaldlega CV og er væntanlegt flaggskip merkisins. Er bílnum ætlað að sýna næstu kynslóð raftækni Kia, meðal annars nýja hleðslutækni ásamt nýjum undirvagni, sem er sérhannaður fyrir rafbíla. Kia CV byggir á grunni Imagine-tilraunabílsins sem sýndur var á bílasýningunni í Genf í fyrra.

**» Er bílnum ætlað að sýna næstu kynslóð raftækni Kia.**

Af því sem er sýnilegt á myndinni má sjá að bíllinn verður með svipuðu Coupé-byggingarlagi og hlaðbaks-afturenda og tilraunabíllinn. Kia CV verður fyrsti bíll Kia/Hyundai til að nota E-GMP-undirvagninn og fær hann rafhlöðu sem gefur honum um það bil 500 km drægi og 20 mínútna hleðslutíma. Mun rafbúnaðurinn notast við svipað 800 volta rafkerfi og er í Porsche Taycan sem notast getur við 350 kW hleðslustöðvar. Að sögn yfirmanns hjá Kia í Evrópu er einnig von á GT útgáfu sem mun geta keppt við Taycan Turbo S, með upptak undir þremur sekúndum í 100 km hraða.

Meðal fyrstu hinna 25 rafbíla sem kynntir verða á næstu árum er nýr BMW i4 sem keppa á við Tesla Model 3.

# Rafmögnuð framtíð BMW

**Það er rafmögnuð framtíð sem blasir við BMW líkt og öðrum bílaframleiðendum. Á næstu misserum verða 25 nýir rafbílar kynntir hjá framleiðandanum. Eru það bæði nýir bílar og rafmagnaðar útgáfur fyrri gerða.**

BMW-bílaframleiðandinn hefur tilkynnt að ný, rafdrifin útgáfa X1 sé á leiðinni. Bíllinn fær nafnið iX1 og verður líklega hluti af næstu kynslóð X1-línunnar, þar sem stutt er síðan hann fékk andlitslyftingu. Mun bíllinn koma á markað fyrir 2023 þar sem BMW hefur sagt að hann sé hluti af þeim 25 nýju rafbílum sem panta má frá BMW Group innan þessa tímaramma. Mun nýr iX1 koma á endurhönnuðum UKL undirvagni en sá er í notkun á Mini Electric, en fá stærri og öflugri rafhlöðu en hann notar. Verður ný lína X1 boðinn í tvinnútfærslum og einnig sem tengiltvinnbíll líkt og stefnan er með næstu kynslóðir 5-línu og 7-línu.

**» Fyrstu bílarnir af þessum 25 verða næsta útgáfa iX3, i4 og iNEXT sem koma á markað á næsta ári.**

BMW hefur einnig tilkynnt að næsta kynslóð 5-línunnar verði einnig fáanleg sem 100% rafbíll, og að hans sé að vænta seint á því 25 bíla tímabili sem fram undan er fyrir 2023. Fyrstu bílarnir af þessum 25 verða næsta útgáfa iX3, i4 og iNEXT sem koma á markað á næsta ári. Loks er von á rafdrifinni 7-línu árið 2022 með fimmtu kynslóð eDrive-raftækninnar, en fyrsti bíllinn búinn eDrive verður iX3-rafjepplingurinn. Kerfið parar saman rafmótor, skiptingu og annan rafbúnað í einu stykki sem að einfaldar alla samsetningu bílsins og minnkar þyngd hans.

# Fasteignablaðið

31. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 4. ÁGÚST 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA



MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


# Atvinnuhúsnæði til sölu

**Fasteignamarkaðurinn ehf., s. 570-4500 kynnir fasteignina nr. 4 við Klettagarða í Reykjavík, sem er byggt verkstæðishús, söluskrifstofa og starfsmanna-aðstaða fyrir ferðaþjónustu-fyrirtækið Allrahanda.**

Stórt og mikið atvinnuhúsnæði er til sölu hjá Fasteignamarkaðnum.

Verkstæðishúsnæðið er á einni hæð en starfsmannaaðstaða og skrifstofur eru á tveimur hæðum í suðvestur enda byggingarinnar. Eignin er samtals 2.048,2 m² að gólffleti, byggð úr forsteyptum einingum og með límtrésþaki. Eignin stendur á afgirtri, fullfrágenginni og malbikaðri 8.604,0 fermetra leigulóð þar sem er mjög gott athafnasvæði og mögulegur viðbótarbyggingarréttur.

Verkstæðisrými: Um er að ræða iðnaðarhúsnæði með allt að 7,5 metra lofthæð í mæni og átta innkeyrsludyrum frá norðri, sem hver um sig er 4,5 metrar á hæð. Einnig eru einar 4,5 metra innkeyrsludyr norðan megin á austasta hluta iðnaðarhúsnæðisins, sem innréttaður er sem þvottastöð fyrir rútur með öllum tilheyrandi tækjum. Stærstur hluti húsnæðisins er innréttaður sem verkstæði og er vel tækjum búinn, en einnig er lagerhúsnæði og sprautuverkstæði. Loftskiptikerfi er í húsnæðinu og við norðaustur-hlið er niðurgrafin sandgildra og olíuskilja. Ástand verkstæðishúsnæðis er afar gott að innan sem utan.

Skrifstofur á tveimur hæðum – vesturendi: Á neðri hæðinni eru meðal annars móttaka, afstúkaðar skrifstofur og snyrtingar. Auk þess er mötuneyti með eldhúsinnréttingu, starfsmannaaðstaða og búningsklefar fyrir bæði kynin með salernisaðstöðu og sturtum á neðri hæð þessa hluta hússins. Á efri hæð eru meðal annars afstúkaðar skrifstofur, opin vinnurými, fundaherbergi, eldhúskrókur, salerni og ræstikompa. Lagerrými er inn af hæðinni, en þar er loftræstikerfi hússins einnig staðsett. Auk þess eru á efri hæð loftkælt tæknirými o.fl. Linoleumdúkar og flísar eru á gólfum og loft eru kerfisloft með innbyggðri lýsingu.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali í síma 570-4500 eða á netfanginu gtj@fastmark.is

FÁÐU RÁÐGJÖF SEM BYGGIR Á REYNSLU

EIGNAMIÐLUN
Grensásvegur 11 | Sími 588 9090 | www.eignamidlun.is

# MIKLABORG

**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

**Atli S. Sigvarðsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

**Gunnar H. Einarsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

**Ásgrímur Ásmundsson**
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015
2019
Framúrskarandi fyrirtæki

**Þóroddur S. Skaptas**
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

**Axel Axelsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

**Kjartan Í. Guðmunds**
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

**Friðjón Ö. Magnúss.**
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

**Anton Karlsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

**Ragnheiður Pétursd.**
hdl. og löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU

## Álfheimar 60
104 Reykjavík

**OPIÐ HÚS**
þriðjudaginn 4. ágúst
milli kl. 17:00 -17:45



### Sérlega falleg endaíbúð við Laugardalinn

- 4ra herbergja, skráð 108,4 fm
- Björt með glugga á þrjá vegu
- Staðsett á jarðhæð með góðar suðursvalir
- Stór og fallegur garður með leiktækjum
- Stutt í skóla og leikskóla og alla þjónustu

Nánari upplýsingar veitir:
**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
**sími: 691 1931**
ohb@miklaborg.is

Verð: **48,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

## Þórðarsveigur 22 (203)
113 Reykjavík

**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jason í síma **775 1515**



### 4ra herb. íbúð 122,9 fm með sérinngangi á annarri hæð ásamt stæði í bílskýli

- 3 svefnherbergi
- Stofa og svalir, alrými, eldhús, bað og þvottaherbergi, samtals 115,3 fm
- Geymsla 7,6 fermetrar
- Bílstæði í kjallara.

Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

Verð: **53,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

## Neðstaleiti 1
103 Reykjavík

**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jason í síma **775 1515**




### 154 fm íbúð á efstu hæð ásamt aukaíbúð í kjallara

- 4 svefnherbergi, baðherbergi.
- Búr innaf eldhúsi. Borðkrókur.
- Stofa og svalir sem eru rúmgóðar
- Aukaíbúð í kjallara sem eru tvö herbergi og að auki er sérgeymsla
- Stæði í bílakjallara

Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

Verð: **68,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

## Skálabrekkugata 8
801 Þingvellir

**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jason í síma **775 1515**

### Glæsilegt 174 fm heilsárshús á Þingvöllum

- Steyptur grunnur með gólfhita
- 3 svefnherbergi, borðstofa og stofa með arni og að auki er sólstofa
- Á vel skipulögðu lokuðu svæði við Þjóðgarðinn
- 38200 fm eignarlóð
- Stór gestaálma

Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

Verð: **92 millj.**


Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**sími**
**569 7000**
**www.miklaborg.is**


**Með þér alla leið**

NÝTT Í SÖLU



## OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 5. ágúst kl. 17:30 - 18:00

**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

# Sólvallagata70
**101 Reykjavík**

**Falleg 106 fm retró íbúð í Vesturbæ Rreykjavíkur**

- Á tveimur hæðum
- 3 góð svefnherbergi
- Rúmgóðar og bjartar stofur
- Frábær staðsetning
- Mikið endurnýjað m.a. neysluvatnslagnir, skolp gler á 2. hæð og þakið yfirfarið í sumar

Verð: **55,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

## OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 6. ágúst kl. 17:00 - 17:30

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is


# Vindás 2
**110 Reykjavík**

**Góð 2ja herb íbúð á 3. hæð**

- Alls 58 fm ásamt geymslu
- 21,8 fm sérstæði í lokaðri bílgeymslu
- Góður rekstur á húsfélagi
- Gæludýr leyfð í húsinu
- Laus fljótlega

Verð: **32,5 millj.**

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is






# Hrauntröð 44
**801 Grímsnes**

**Glæsilegt heilsárshús í Vaðnesi**

- 155,6 fm á steyptri plötu.
- Skilast tilbúið til innréttinga, hægt að fá lengra komið
- 3-4 svefnherbergi, frábært skipulag. Hjónaherbergi m fataherbergi og sér wc
- Sólpallur í suður, stórir útsýnisgluggar
- Tæplega 1 hektara eignarland

Verð: **49,9 millj.**

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

# Vatnsendahlíð 130
**311 Skorradalur**

**Vel byggt og fallegt 61 fm sumarhús í Skorradal**

- Skjólsælt og afar fallegt land
- Húsið er hvíttað að innan
- Tvö svefnherbergi, stór stofa með fallegri kamínu
- Parket á gólfum en náttúru-steinn á anddyri og wc
- Eldhús með góðu skápa-plássi og útgengt á stóra verönd

Verð: **26,5 millj.**

NÝTT Í SÖLU

**42 fm sumarhús ofarlega í landinu**

Verð: **12,7 millj.**

- Tvö svefnherbergi og svefnloft
- Fallegt útsýni
- Stofa og eldhús í opnu rými
- Flestir gluggar nýlega endurnýjaðir
- Upp í taka á húsbíl kemur til greina

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

**Gott sumarhús í landi Bjarteyjrsands Hvalfirði**

Verð: **23,5 millj.**

- Bústaðurinn er 68,9 fm að stærð og stendur á 4912 fm leigulandi
- Eldhús og stofa í opnu rými, útgengt á pall sem snýr að mestu í suður
- Húsið er með heitu vatni, viðarverönd með heitum potti

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

**Mjög falleg og rúmgóð 99 fm íbúð á 1. hæð**

Verð: **55 millj.**

- Yfirbyggðar svalir til vesturs
- Stæði í bílageymslu
- Eldhúsið er opið inn í stofurýmið með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum
- Pallur með sérafnotarétti til austurs, alls 24,7 fm

Nánari upplýsingar:
**s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

## OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 5. ágúst milli kl. 17-17:30

Pantið söluskoðun eða kynningu hjá sölumönnum okkar.

# Vandaðar nýjar íbúðir fyrir 50 ára og eldri

## 65 íbúða fjölbýlishús á 4-5 hæðum við Bjarkarholt 8-20 í Mosfellsbæ

- Frá 2ja herbergja upp í glæsilegar þakíbúðir
- Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna
- Sameiginleg lokuð bílgeymsla
- Kynntu þér skipulag og stærðir á miklaborg.is
- Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og stofnæðar
- Traustur verktaki með alþjóðlega vottun
- Sameiginleg lokuð bílgeymsla. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna í öðrum rýmum en votrýmum (baðherbergjum og þvottahúsi).
- Öllum íbúðum fylgir sér afnotageymsla í kjallara auk afnotaréttar af rúmgóðri hjóla- og vagnageymsla með beinu aðgengi úr húsi.
- Flestum íbúðum fylgir að lágmarki eitt bílastæði í bílageymslunni. Að auki eru bílastæði á yfirborði.

**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
**Sími: 822 2307**
olafur@miklaborg.is

**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
**sími: 691 1931**
ohb@miklaborg.is

**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas.
**Sími: 616 1313**
fridrik@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

# Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Strikið – Sjálandi Garðabæ / Naustavör – Bryggjuhverfið Kópavogi.

**Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.**

### *Trönuhólar. Einbýlishús með aukaíbúð.*

- 328,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 51,0 fm. bílskúr og 51,0 fm. 2ja herb. íbúð á neðri hæð, með sérinngangi, innst í götu á glæsilegum útsýnisstað. Stórar svalir til suðurs og austurs. Mikil lofthæð er yfir hluta efri hæðar.
- Í dag eru 4 herbergi á aðalhæð en gætu verið 5 þar sem eitt svefnherbergið var stækkað á kostnað annars. Auk þess er möguleiki á að bæta við þremur svefnherbergjum í kjallara hússins með því að lækka lóðina og koma fyrir gluggum á vesturhlið hússins (ofan hús).
- Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Eldhús var endurnýjað árið 2016, aðal baðherbergi var endurnýjað árið 2015 og þakið var málað árið 2018.

**Verð 105,0 millj.**

### *Klapparberg 17. Einbýlishús á grónum og skjólsælum stað.*

- Mjög fallegt og þó nokkuð endurnýjað um 310,0 fm. 7 herbergja einbýlishús á 4 pöllum. Eldhúsinnrétting og tæki eru nýleg, aðal baðherbergi hússins er nýlega endurnýjað og þakjárn og þakkantur eru frá árinu 2018.
- Stórar stofur með mikilli lofthæð, arni og útgengi á svalir til suðausturs þaðan sem nýtur útsýnis til fjalla. Stór eyja er í eldhúsi og góð borðaðstaða. Fjögur herbergi. Útgengi á verönd til suðurs úr hjónaherbergi og sjónvarpstofu.
- Lóðin er ræktuð og skjólsæl með fallegum trjágróðri. Steypt innkeyrsla og hellulögð stétt eru fyrir framan hús. Viðarverönd er fyrir framan hús til austurs og suðurs og stór afgirt viðarverönd til suðurs er fyrir aftan húsið og er þar hitaveituskel.

**Verð 89,9 millj.**

### *Freyjubrunnur 25-27. Glæsileg 6 herbergja íbúð.*

- Glæsileg 178,1 fm. 6 herbergja íbúð á 2. hæð með rúmgóðum suðvestur svölum í nýlegu 3ja hæða lyftuhúsi við Freyjubrunn. Sér stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Íbúðin var hönnuð af ítalska arkitektinum Paolo Gianfrancesco og eru allar innréttingar sérsmíðaðar. Gólfefni eru gegnheil hvíttuð eik frá Kährs og flísar.
- Eldhús með brúnbæsaðri innréttingu. Stórt sjónvarps- og bókaherbergi er nú skipt í 2 barnaherbergi en lítið mál að breyta aftur.
- Sameign er einstaklega glæsileg sameign hönnuð af Rut Káradóttur, flísalögð og niðurtekin loft.

**Verð 81,9 millj.**

### *Sólheimar 15. Efri sérhæð ásamt bílskúr.*

**Eignin verður til sýnis nk. fimmtudag frá kl. 17.00 – 17.30**

- Virkilega glæsileg, björt og vel skipulögð 187,6 fm. efri sérhæð í nýlegu þríbýlishúsi auk 33,8 fm. bílskúrs.
- Íbúðin er virkilega opin, björt og glæsileg og lofthæð er mikil í nánast allri íbúðinni. Gluggar efst á milliveggjum sem auka mjög flæði á birtu milli rýma. Innréttingar eru sérsmíðaðar og sami stíll látinn halda sér gegnum íbúðina.
- Vandað gegnheilt eikarparket er á íbúðinni að stærstum hluta, lagt með fiskibeinamynstri og er það nýlega slípað og lakkað. Svalir útaf stofum til suðurs og útaf stigapalli til vesturs.
- Stutt er í alla þjónustu og skóla.

**Verð 92,9 millj.**

### *Hjarðarhagi. 5 herbergja íbúð.*

- Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 120,1 fm. íbúð á 4. hæð eftirsóttym stað í vesturbæ Reykjavíkur. Bæði baðherbergi og gestasnyrting eru í íbúðinni, ný eldhúsinnrétting og tæki, nýleg rafmagnstafla og ljósleiðari er kominn inn í íbúðina.
- Rúmgóð stofa með svölum til vesturs. Eldhús, mjög rúmgott með gluggum til suðurs. 4 svefnherbergi.
- Verið er að taka allt húsið í gegn að utan og mun seljandi greiða fyrir þær framkvæmdir. Stigahús er allt nýendurnýjað, teppalagt og málað.
- Lóðin er með fjölda malbikaðra bílastæða og tyrfðum flötum. Stutt í skóla og sund.

**Verð 57,9 millj.**

### *Leifsgata 9. Tvær íbúðir- 3ja – 4ra herbergja íbúð og studióíbúð.*

- 94,4 fm. nýlega innréttuð og vönduð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð.
- 41,2 fm. nýlega innréttuð 2ja herbergja íbúð á baklóð í sérstæðu húsi.
- Báðar íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru í góðu ástandi. Möguleiki á góðum leigutekjum.
- Íbúðunum fylgir sér innkeyrsla/bílastæði við Leifsgötuna sem þinglýst er eingöngu á þessar íbúðir.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

**Verð 67,9 millj.**

### *Lindargata 28. 2ja herbergja íbúð - sérinngangur.*

- Vel skipulögð 51,2 fermetra 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og viðarverönd til suðurs í nýlegu húsi við Lindargötu 28 í Reykjavík.
- Innréttingar eru frá GKS trésmiðju. Íbúðin skiptist í forstofu, opið eldhús, rúmgott baðherbergi með sturtu, eitt svefnherbergi og stofu með útgengi á svalir
- Íbúðin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

**Verð 38,9 millj.**

### *Grundarstígur 2a. 3ja herbergja íbúð.*

- Mjög falleg 3ja herbergja 78,6 fm. íbúð á 2. hæð með aukinni lofthæð í steinsteyptu fjórbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum.
- Íbúðin er afar sjarmerandi með loftlistum, rósettu og fallegri gluggasetningu. Stór hellulögð verönd í bakgarði sem er afgirtur og skjólsæll.
- Rúmgóð stofa og borðstofa með gluggum til austurs. Tvö svefnherbergi. Möguleiki er að stækka borðstofu á kostnað svefnherbergis II.
- Húsið er nýlega endurnýjað að utan, múrviðgert og málað.

**Verð 48,9 millj.**

### *Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Stutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar á www.105midborg.is

### *Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari upplýsingar á www.105midborg.is

# FARANGURSBOX
# Í MIKLU ÚRVALI

VOTTAÐIR HÁGÆÐA VARAHLUTIR SÍÐAN 1962

## HAPRO OG NORDRIVE

### HAPRO **ROADY 350**

**Burðargeta** allt að **50 kg**
**300 lítra** **48.990 kr**

### HAPRO **ROADY 450**

**Burðargeta** allt að **50 kg**
**420 lítra** **59.990 kr**

### HAPRO **TRAXER 4.6**

**Burðargeta** allt að **75 kg**
**370 lítra** Svart **84.995 kr**

### HAPRO **TRAXER 6.6**

**Burðargeta** allt að **75 kg**
**410 lítra**
Silfurgrátt **94.990 kr**
Steingrátt **94.990 kr**
Svart **119.990 kr**

### HAPRO **TRAXER 8.6**

**Burðargeta** allt að **75 kg**
**530 lítra**
Silfurgrátt **124.990 kr**
Svart **139.990 kr**

### NORDRIVE **330**

**Burðargeta** allt að **75 kg**
**330 lítra** Svart **58.989 kr**

### NORDRIVE **430**

**Burðargeta** allt að **75 kg**
**430 lítra**
Silfur **53.499 kr**
Svart **74.990 kr**

### NORDRIVE **530**

**Burðargeta** allt að **75 kg**
**530 lítra**
Hvítt **79.889 kr**
Silfur **79.889 kr**
Svart **92.169 kr**

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

**STÓRVERSLUN**
**DVERGSHÖFÐA 2**
**110 REYKJAVÍK**
**S. 535 9000**

**Vatnagarðar 12**
**104 Reykjavík**
**S. 535 9000**

**Dalshrauni 17**
**220 Hafnarfirði**
**S. 555 4800**

**Hafnargata 52**
**260 Reykjanesbæ**
**S. 421 7510**

**Hrísmýri 7**
**800 Selfossi**
**S. 482 4200**

**Furuvöllum 15**
**600 Akureyri**
**S. 535 9085**

**Sólvangi 5**
**700 Egilsstöðum**
**S. 471 1244**

**www.bilanaust.is**

BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## MG ZS EV

**Grunnverð:** 3.990.000 kr.
**Hestöfl:** 143
**Tog:** 353 Newtonmetrar
**0-100 km/klst:** 8,5 sek
**Hámarkshraði:** 140 km/klst.
**Rafhlaða:** 44,5 kWst

**Drægi:** 263 km
**L/B/H:** 4.314/2.048/1.620 mm
**Hjólhaf:** 2.579 mm
**Farangursrými:** 470 lítrar
**Eigin þyngd:** 1.502 kg

**KOSTIR**
- Verð
- Farangursrými
- Búnaður

**GALLAR**
- Hitamælir
- Miðstöð
- Enginn aðdráttur á stýri

# Bíllinn með skrýtna nafnið

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

**MG er nýtt merki á Íslandi sem er í mikilli sókn á mörkuðum erlendis. Hefur framkvæmdastjórn MG einsett sér að kynna merkið í 100 löndum á næstu árum og því þarf engan að undra þótt bílar þessarar gerðar reki á fjörur okkar.**

Svona til að byrja með er gott að útskýra aðeins hvað nafnið MG ZS EV stendur fyrir. MG er merki framleiðanda sem var betur þekktur fyrir framleiðslu sportbíla á sjöunda áratugnum. Merkið er nú í eigu kínversku samsteypunnar SAIC sem að hefur hafið mikla markaðsherferð með nafnið í Evrópu. ZS er upphaflega bíll með brunahreyfli og varla einu sinni jepplingur því að hann er aðeins boðinn með framdrifi. EV viðbótin kemur þegar bílnum er breytt í hreinræktaðan rafbíl á grunni gamla bílsins. Þar sem að hann er nánast óbreyttur í útliti þýðir lítið hjólhafið það að rafhlaðan er aðeins 44,5 kWst sem að dugar honum fyrir 263 km akstur.

### Vel búinn en ...

Það vakna blendnar tilfinningar við að setjast undir stýri á þessum nýja bíl. Auðvitað er spennandi að fá nýtt merki á markaðinn en um leið setur maður upp betri gleraugun enda margt sem er ekki kunnuglegt eins og hjá öðrum merkjum. Fyrir það fyrsta er um vel búinn bíl að ræða í MG ZS EV og þá sérstaklega Luxury-útgáfunni. Má þar nefna rafdrifið ökumannssæti, opnanlegt glerþak, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara og umferðarmerkjalesara. Hann er dálítið klunnalegur í stjórntækjum og hefur bílablaðamaður Fréttablaðsins ekki séð skriðstilli sem er jafn fyrirferðarmikill og í þessum bíl. Það er ágætis upplýsingakerfi í bílnum með Apple Carplay en þar sem að hitastig er aðeins sýnt á skjánum í miðjustokki, dettur það út þegar kviknar á Apple Carplay. Miðstöðin er eins og í 50 ára gömlum bíl að því leyti að maður sér rauðan og bláan borða á upplýsingaskjánum þegar hún er stillt, en aftur ekkert hitastig. Loks er eins og bíllinn sé einu númeri of lítill fyrir einhvern



Útlit MG ZS EV er nánast eins og á fyrri útgáfu með brunahreyfli og því er skögun meiri og hjólhaf í minna lagi. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Búnaður er veglegur í Luxury útgáfu en ökumaður þarf að teygja sig í stýrið.

Rafmótorinn er aðeins 143 hestöfl og sá eini sem er í boði eins og er.

Farangursrýmið er rúmgott og einnig djúpt og frekar aðgengilegt.

**» Um vel búinn bíl er að ræða í MG ZS EV og má nefna rafdrifið ökumannssæti og opnanlegt glerþak.**

sem er meðalmaður að stærð, og finnst það vel á sætum sem eru með bríkum á köntunum, og eru aðeins of mjó. Eins þarf að teygja sig í flest, meira að segja rafmagnsrúður þegar búið er að stilla sæti í hentuga stillingu meðalmannsins. Loks er enginn aðdráttur á stýri sem er mikill ókostur í þessum bíl. Bíllinn er samt rúmgóður og höfuðrými ágætt sem og útsýni, en síður í aftursætum. Farangursrými er mjög gott eða 470 lítrar og ekki hægt að kvarta yfir því.

### Hefðbundið upptak

Ólíkt mörgum rafbílum er MG ZS EV enginn kraftabíll og upptakið svipað og í meðal fólksbíl. Hann er líka fyrsti rafbíll sem undirritaður hefur prófað sem að spólar ekki við snögga inngjöf. Stýrið veitir ekki mikla tilfinningu, en hægt er að velja um þrjár akstursstillingar á stýri sem gefa ekki svo mikinn mun. Auk þess er hægt að segja það sama um endurhleðsluna á bremsum sem er með þrjár stillingar, sem gefa ekki mikinn mun í akstri. Það er eins og vanti aðeins upp á fjöðrun bílsins sem mætti vera stífari, svo að ekki er eins skemmtilegt að keyra þennan eins og margan rafbílinn. Á móti kemur að bíllinn er í léttara lagi af rafbíl að vera. Loks verður ekki komist hjá því að nefna sérstaklega afskiptasaman akreinavara sem hendir bílnum til á akrein ef að ökumaður vogar sér hálfan metra frá vegbrún.

### Milljón króna munur

Í samanburði við nýrri rafbíla er helst að MG ZS EV líði fyrir samanburð á drægi, en ekki verði. Helstu keppinautar hans væru nýkominn Peugeot e-2008 eða Hyundai Kona með minni rafhlöðunni. Drægi MG-bílsins er 263 km með 44 kWst rafhlöðu en Peugeot e-2008 er með 320 km drægi og Hyundai Kona með 39 kWst rafhlöðunni 289 km. MG ZS EV er aðeins fyrir 50 kW hleðslustöð sem þýðir að hann er 40 mínútur að fara upp í 80 prósent hleðslu á CCS-hleðslustöð. Verðið er hins vegar MG bílnum í hag og vel það. Hann kostar frá 3.990.000 kr. og Luxury bíllinn 4.390.000 kr. sem er ansi gott. Hyundai Kona kostar 5.290.000 kr. í Comfort-útgáfu með minni rafhlöðunni og Peugeot e-2008 kostar frá 4.650.000 kr. í sinni ódýrustu útgáfu. Hægt er að fyrirgefa honum nokkra smágalla fyrir þennan mun á verði, en hann er um milljón krónum undir sambærilegri samkeppni þessara keppinauta.

# BÍLAR

Subaru BRZ af eldri gerðinni er nú ekki hægt að sérpanta lengur en von er á nýjum bíl á næsta ári.

## Subaru hættir framleiðslu á BRZ-sportbílnum

**Subaru BRZ og Toyota GT86 eru systurbílar japönsku framleiðandanna en vélbúnaðurinn í bílunum kemur frá Subaru meðan mest annað kemur frá Toyota.**

Subaru hefur tilkynnt að ekki verði lengur hægt að panta BRZ- sportbílinn hjá merkinu og aðeins verði seldir þeir bílar sem þegar eru til á lager.

Sambærileg tilkynning hefur ekki komið frá Toyota eins og er, en systurbíllinn Toyota GT86 er framleiddur í sömu verksmiðju og BRZ í Gunma í Japan. Arftaki þessara bíla er væntanlegur á næsta ári og verður hann með 252 hestafla 2,4 lítra boxervél með forþjöppu.

Hjá Toyota fær hann nafnið GR86 og verður hann seldur samhliða GR Supra. Subaru hefur ekki tilkynnt enn þá hvort að nýi bíllinn muni bera BRZ-nafnið áfram. Bílarnir verða byggðir á TNGA-undirvagninum sem er einnig hannaður með afturhjóladrif í huga.

## Land Rover seinkar frumsýningu Defender 90

Land Rover hefur ákveðið að seinka frumsýningu styttri gerðar Defender- jeppans um meira en sex mánuði vegna framleiðslutafa vegna COVID-19 faraldursins. Til stóð að hefja forsölu á Defender 90 núna í vor en á heimasíðu Land Rover stendur einfaldlega að hægt verði að panta hann snemma í september, og að uppgefin verð séu aðeins til viðmiðunar.

Báðar gerðir Defender eru smíðaðar í verksmiðju Land Rover í Slóvakíu, en sú verksmiðja er nú rekin á einni vakt eins og er. Von er á að fleiri útgáfum nýs Defender muni einnig seinka eitthvað.

Ekki þarf að bíða lengi í viðbót eftir að hægt verði að panta nýjan Defender 90.


Græn bílafjármögnun

